



Þetta er eins og kíkir inn í leikskólann

Ferilmappa í leikskóla

Lilja Björk Ólafsdóttir

**Lokaverkefni til M.Ed.-gráðu
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið**

Þetta er eins og kíkir inn í leikskólann
Ferilmappa í leikskóla

Lilja Björk Ólafsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði
Leiðsögukennari: Kristín Karlsdóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2009

Ritgerð þessi er lokaverkefni til M.Ed. -gráðu í
uppeldis- og menntunarfræði og er óheimilt að afrita
ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réthafa.

© Lilja Björk Ólafsdóttir 2009

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2009

Formáli

Ferilmappa í leikskóla er 30 eininga ritgerð, lögð fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands, menntavísindasvið. Ritgerðin fjallar um tilviksrannsókn (e. case study) þar sem leitað er skilnings á vinnslu ferilmöppu og hvaða ávinning leikskólakennarar telja sig hafa af að nota ferilmöppu í leikskólastarfi. Gagnasöfnun fór fram í júní og júlí 2008.

Leiðsögukenndari var Kristín Karlsdóttir lektor við Háskóla Íslands og kann ég henni bestu þakkir fyrir góða leiðsögn, hvatningu og stuðning. Sérfræðingur var Kristín Hildur Ólafsdóttir fyrrverandi lektor í myndmennt við Kennaraháskóla Íslands fær hún sömuleiðis þakkir fyrir gagnlegar ábendingar og leiðsögn. Viðmælendum mínum færi ég þakkir fyrir þeirra framlag en án þeirra hefði rannsókn mín ekki orðið að veruleika. Ég vona að verkið eigi eftir að koma þeim sem og öðrum að gagni sem innlegg í umræðu um mikilvægi ferilmöppu sem matstækis og til að stuðla að samstarfi við foreldra leikskólabarna. Samstarfsfólki mínu og fjölskyldu minni þakka ég skilning, hvatningu og stuðning á ferlinu. Sigurrósu Erlingsdóttur framhaldsskólakennara þakka ég fyrir yfirlestur og góða leiðsögn í rituðu máli.

Ágrip

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á tvennt. Hvaða markmið eru um skráningar, mat og söfnun efnis í ferilmöppu í leikskóla? Hver er reynsla leikskólakennara af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla?

Rannsóknin fór fram í þremur leikskólum, þátttakendur voru tíu leikskólakennarar. Við rannsóknina var beitt nálgun eiginlegrar rannsóknar. Gögnum var safnað með viðtölum, með vettvangsathugun þar sem skráningar á vettvangi voru skoðaðar svo og heimasíður, skólánámskrár og viðmiðunarlistar. Viðtöl voru tekin við átta deildarstjóra og tvo verkefnastjóra.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru að leikskólakennararnir telja ferilmöppu hagnýtt tæki til að meta og skrá leikskólastarf. Með ferilmöppunni leggja þátttakendur áherslu á að gera starfið sýnilegt og að efla upplýsingaflæði milli leikskóla og foreldra. Skráningar í ferilmöppu eru til að ræða við börnin og foreldrana um starf barnanna og jafnframt miða þær að því að hægt sé að lesa úr þeim hvernig barn þroskast. Skráningarnar eru augljós merki um hvernig barn vinnur, hvernig það þælir og uppgötvar og hvernig skilningur verður til. Gögn leikskólanna sýna að lögð er áhersla á að skrá nám einstakra barna. Áhersla á líðan og öryggi barnsins er rauður þráður hjá öllum leikskólakennurinum og skólastarfið miðar að því að barni líði vel og að það sé öruggt félagslega. Rödd barnsins er hluti af skapandi leikskólastarfi, leikskólakennararnir leggja áherslu á að heyra rödd barnsins og hafa trú á hæfni barna til að hafa áhrif á eigið nám. Mikilvægt er að ræða skráningar og merkingar þeirra og veita barni þar með trúverðuga umfjöllun um hæfni sína. Ígrundun skráninga getur gert faglega þróun leikskólakennaranna sýnilega. Það gefst hins vegar ekki nægur tími að sögn eins leikskólakennarans til að ígrunda og þæla í skráningum. Ferilmappa sem mats- og skráningartæki í leikskóla er samkvæmt þessu mikilvægt verkfæri sem getur veitt foreldrum leikskólabarna aðgang að leikskólastarfinu, þroska, líðan og færni barnsins. Það er hins vegar augljóst að huga þarf að skipulagi vinnutímans til að koma skráningum og ígrundun þeirra inn í daglegt starf leikskólakennara.

Abstract

The aim of this research is to shed light on two questions. What is the main goal of documenting, judging and collecting material in preschool? What experience do teachers have of using a portfolio as a way to judge and documentation instrument?

The research took place in three preschools. The participants were ten teachers. This is a qualitative research, wherein the material was gathered using individual interviews and fieldwork, and where documentation in the field was examined as well as home pages, curriculum, and references. Eight divisional managers and two project leaders were interviewed.

The main conclusion is that teachers believe that a portfolio is a practical device in evaluating and collecting material in preschools. The use of the portfolio results in the participants placing an emphasis on making the work visible and increasing the flow of information between a preschool and a parents. By collecting the material into the portfolio the aim is to be able to talk to the children about their work and to find out how the child develops. Documenting is an obvious indication of how the child functions, how it thinks and discovers things, and how the child's understanding develops. Data from the preschools shows that there is an emphasis placed on documenting the studies of individual children. The emphasis placed on the feelings and safety of children is the main objective with all teachers and the aim of the schoolwork is to make the child feel socially secure. The child's voice is a part of the creative work in the preschool. Teachers place an emphasis on hearing what the child has to say and have faith in the child's ability to make an impact on its studies. It is important to talk about documenting and its meaning, and therefore give the child a fair coverage about its ability. Reflection about documenting makes the creation of knowledge easier and makes the development of professionalism in the teachers' work more visible. According to one teacher there is not enough time to reflect and think about documentation. A portfolio is an important tool to assess, document and collect children's material, it can give parents access to the child's work, development, wellbeing and competencies. However it is obvious that one has to carefully consider how to find the time for documentation and reflection in the preschool.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	6
Efnisyfirlit	7
Inngangur	11
1.1 Val á viðfangsefni.....	11
1.1.1 Bakgrunnur minn	12
1.1.2 Skilgreining hugtaka.....	13
1.1.3 Uppbygging ritgerðar	13
2 Fræðilegur grunnur.....	15
2.1 Námskenningar.....	15
2.1.1 Félagsleg hugsmíðahyggja.....	15
2.1.2 Svæði mögulegs þroska	15
2.1.3 Reynsla og menntun.	16
2.1.4 Síðtímahugmyndir	17
2.1.5 Samantekt um námskenningar	18
2.2 Hvers vegna ferilmappa?	19
2.2.1 Heildrænt mat á námi	20
2.2.2 Hugmyndir um nám – skráning sem gerir nám barnsins sýnilegt.....	20
2.2.3 Námsögur barna sem matsaðferð.....	21
2.2.4 Hnitmiðuð ferilmappa	21
2.2.5 Hugmyndir um nám, leikskólastarf í Reggio Emilia ...	23
2.2.6 Námsögur	25
2.2.7 Samantekt um ferilmöppur	28
2.3 Mat á námi ungra barna	30
2.3.1 Íslenska leiðin	30
2.3.2 Virkni barns og raunveruleg merking.....	31
2.3.3 Árangursríkur námsmaður	32
3 Aðferðafræði rannsóknarinnar	35
3.1 Markmið og rannsóknarspurningar.....	35

3.2	Rannsóknarsnið	35
3.3	Gagnaöflun	36
3.3.1	Viðtöl	36
3.3.2	Ritaðar heimildir	37
3.3.3	Aðgengi og leyfi	37
3.3.4	Þátttakendur	37
3.3.5	Á vettvangi	38
3.3.6	Siðferðileg atriði	38
3.3.7	Réttmæti og áreiðanleiki / trúverðugleiki	39
3.4	Greining gagna	39
4	Niðurstöður	41
4.1	Umhverfi leikskólanna	41
4.2	Skilgreiningar viðmælenda á markmiðum	45
4.2.1	Markmið um ferilmöppu	45
4.2.2	Markmið um innihald og efnistöð	46
4.2.3	Markmið um mat og hvað er mikilvægast að meta	50
4.2.4	Markmið um skráningu	54
4.3	Hvað er skráð?	56
4.4	Hvaða tækni er notuð og hver er reynslan af notkun ferilmöppu í leikskóla?	61
5	Umræða	65
5.1	Markmið, áherslur og þemu	65
5.1.1	Áhersla á að gera starfið sýnilegt	65
5.1.2	Áhersla á upplýsingaflæði til foreldra	67
5.1.3	Áhersla á einstaklingsmiðað nám	68
5.1.4	Áhersla á vellíðan og öryggi	69
5.1.5	Áhersla á rödd barnsins	69
5.1.6	Notkun viðmiðunarlista	70
5.1.7	Helstu einkenni skráninga í ferilmöppu í leikskólunum	71
5.1.8	Upplýsingar sem safnað hefur verið og notagildi þeirra	72
5.1.9	Samantekt um markmið, einkenni skráninga og notagildi upplýsinga	73
5.2	Hugleiðingar og álitamál	73

5.3	Rannsóknarspurningum svarað	75
5.3.1	Markmið um skráningu, mat og söfnun efnis í ferilmöppu í leikskóla	75
5.3.2	Hver er reynsla leikskólakennara af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla?	76
Heimildir	79
Fylgiskjal 1	84
Fylgiskjal 2	85
Fylgiskjal 3	86
Fylgiskjal 4	87
Fylgiskjal 5	88

Inngangur

Í þessari ritgerð er ætlunin að athuga hvernig staðið er að því að skrá og meta leikskólastarf, færni og líðan barns og gera með því reynslu barns í leikskóla aðgengilega foreldrum eða aðstandendum þess.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á tvennt: Hvaða markmið eru um skráningu, mat og söfnun efnis í ferilmöppu í leikskóla? Hver er reynsla leikskólakennara af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla?

Lög um leikskóla kveða á um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs (Lög um leikskóla. nr.90/2008). Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) segir að við innra mat á leikskólastarfi skuli meðal annars athuga atriði eins og líðan barns, samskipti við barn, leik og leikskólastarf, námssvið leikskóla og auk þess samskipti við foreldra (Menntamálaráðuneyti, 1999). Það er hverjum leikskóla í sjálfsvald sett hvernig hann útfærir matið og hvaða aðferðum hann beitir.

1.1 Val á viðfangsefni

Samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra í leikskóla ber hann „ábyrgð á að foreldrar / forráðamenn fái upplýsingar um þroska og líðan barns og þá starfsemi er fram fer á deildinni...“ (Félag leikskólakennara og launanefnd sveitafélaga, 2006). Hvernig og hvaða aðferð hentar best til að upplýsa foreldra um leikskólastarf, reynslu, þroska og líðan barns í leikskóla?

Kveikjan að þessu verkefni eru vangaveltur mínar um hvernig nýta megi tölvur sem miðlunartæki í því skyni að opna leið fyrir foreldra að leikskólastarfinu. Aðgengi að tölvum og tækni fer batnandi í leikskólum og auðveldar það alla vinnu með upplýsingar svo og möguleika á rafrænum ferilmöppum (e. portfolio). Áhugi minn á upplýsingatækni beinist að því að vinna með upplýsingar fyrir ákveðinn hóp eða einstakling þannig að honum eða hópnum vegni betur. Þegar ég tala um upplýsingatækni er skilningur minn fremur um miðlun, aðferðir og nálgun heldur en tæki og tól (AECT, 2003).

Ég tel að grundvöllur þess að vinna rafræna ferilmöppu sé að átta sig á hvernig staðið er að vinnslu ferilmöppu. Ferilmappa er mappa sem heldur utan um gögn til dæmis teikningar, málverk, ljósmyndir, frásagnir, hljóðskrár, vídeómyndir eða aðra þætti sem vitna um hvað barn aðhefst í

leikskóla. Hún heldur utan um leikskólastarf í tímaröð og getur gert umræðu, upprifjun og mat á ferlinu mögulega. Ferilmappa opnar gátt inn í leikskólann. Hún getur stutt leikskólakennara í foreldrasamskiptum og aukið hæfni þeirra og öryggi við að miðla upplýsingum um leikskólastarf. Ferilmappa gerir reynslu barns í leikskóla aðgengilega foreldrum og stuðlar að einstaklingsmiðuðu námi og mati. Í ljósi þessa benda Smith, Brewer og Heffner (2003) á að ferilmappa er matstæki í þágu barnsins þar sem ekki er verið að bera saman hæfileika tveggja barna. Ferilmappa sýnir og styður verk barns, byggir upp traust þess og sjálfsöryggi (Smith, Brewer og Hefner, 2003). Ferilmappa veitir tækifæri til að efla og bæta samstarf foreldra og leikskólakennara og kemur til móts við kröfur um sýnilegt mat á leikskólastarfi. Gaye Gronlund (1998) hefur fjallað um og fylgst með þróun ferilmöppunnar í skólastarfi. Hún hefur meðal annars skoðað viðhorf leikskólakennara og grunnskólakennara til ferilmöppu sem matstækis. Hún segir mikilvægt að stjórnendur og kennarar gera sér grein fyrir hvers konar ferilmappa gefi þær upplýsingar sem sóst er eftir. Hún bendir á að mappa þurfi að sýna ferli náms, ný hugtök og hvernig barn beitir nýjum skilningi. Söfnun efnis í ferilmöppu verður að hafa tilgang. Þá kemur fram að margir kennarar segja það mjög gefandi að nota ferilmöppu til að ræða við börn um vinnu þeirra. Kennarar vitna jafnframt um að eftir því sem þeir þjálfast í notkun aðferðarinnar gefi ferilmappa betri mynd af barn (Gronlund 1998).

Miðlun upplýsinga, mat á leikskólastarfi og mat á líðan og færni barna er mikilvægt fyrir foreldra og börn. Ég mun hér fjalla um þrjár ólíkar aðferðir til að skrá og meta leikskólastarf og nám leikskólabarns. Allar byggja þessar aðferðir á fjölbreyttum leiðum við skráningar og halda utan um skráningar með ferilmöppu. Ég tel ferilmöppu geta komið að góðum notum við að upplýsa foreldra um leikskólastarf og að hún komi til móts við upplýsingaskyldu deildarstjóra. Ferilmappa byggist upp stig af stigi og notkun hennar hvetur til þess að þroski, færni og líðan barns sé metin í daglegu umhverfi þess. Það er von mín að verkefnið skili þekkingu um matsaðferðir, skráningar og ferilmöppur til allra sem tengjast leikskólanum.

1.1.1 Bakgrunnur minn

Starfsferill minn í leikskóla spannar yfir þrjátíu ár, bæði sem stjórnandi og millistjórnandi. Sem lokaverkefni til Dipl.Ed gráðu í tölvu- og

upplýsingatækni frá Kennaraháskóla Íslands vorið 2004 vann ég heimasíðu leikskóla. Þar lagði ég áherslu á að veita skýrar og skilmerkilegar upplýsingar til foreldra um alla starfsemi leikskólans. Í framhaldi af því hef ég velt fyrir mér nýtingu á upplýsingatækni til að þróa frekari samskipti til heilla fyrir foreldra og leikskólabörn.

1.1.2 Skilgreining hugtaka

Með hugtakinu *að skrá* er hér átt við að safna lýsingum og myndum af barni í leik og starfi í leikskóla, myndverkum þess, umræðum eða hverju því, sem vert er að punkta hjá sér, í þeim tilgangi að öðlast heildræna mynd af líðan og færni barns.

Með hugtakinu *að meta* er hér átt við að leikskólakennari geri sér grein fyrir stöðu barns eða að hann geri sér mynd af hæfileikum barns og geti með þeirri mynd gert reynslu barnsins í leikskólanum aðgengilega foreldrum. Að leikskólakennari viti hvað barn getur og hvernig það þróar færni á ýmsum sviðum eða hvort styðja þarf barnið sérstaklega á einhverju sviði frekar en öðru.

Í hugtakið *færni* legg ég þá merkingu að það sé það sem barn hefur kunnáttu og getu til að gera eða er að æfa sig í, á hvaða sviði sem er. Skilgreiningar Katz (1989) á þekkingu og færni legg ég til grundvallar þessari skilgreiningu minni á færni.

Í hugtakið *líðan* legg ég þá merkingu að það lýsi því hvernig barn hegðar sér við mismunandi aðstæður, hvernig það sýnir tillitsemi og tilfinningar, hvernig það vinnur og leikur sér, hvernig það tekur þátt í athöfnum daglegs lífs, hvernig það brosir og gleðst með vinum og námsfélögum. Til grundvallar skilgreiningu minni á líðan, legg ég skilgreiningar Katz (1989) á hugtökunum hneigð til náms og tilfinningar.

1.1.3 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin skiptist í fimm meginkafla. Í inngangi er greint frá viðfangsefni og kveikju verkefnisins auk þess að í stuttu máli er gerð grein fyrir bakgrunni höfundar og skilgreiningu lykilhugtaka.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar er fræðilegur grunnur rannsóknarinnar lagður. Þar er fjallað um námskenningar og í hvernig umhverfi þekking verður til. Þá er fjallað um ólíka hugmyndafræði að baki ferilmöppu, vinnslu hennar og mismunandi notkun. Einnig er fjallað um áherslur í

mati á námi ungra barna, hvað kemur fram í lögum og aðalnámskrá leikskóla og hvað fræðimenn segja um mat.

Í þriðja kafla er aðferðafræði rannsóknarinnar kynnt. Þar koma markmið rannsóknarinnar, rannsóknarspurningar og þær rannsóknar- aðferðir sem beitt var. Einnig er greint frá því hvernig gagna var aflað og hvernig viðtöl voru tekin, hvernig aðgengi var að þátttakendum og leyfi fengin, hverjir þátttakendur voru, hvernig aðstæður voru á vettvangi, hvaða siðferðislegu álitamál vöknudðu, hvernig réttmæti og áreiðanleika eigindlegra rannsókna er háttað og að lokum hvernig staðið var að greiningu gagna.

Fjórði kafli fjallar um niðurstöður rannsóknar í ljósi þeirra rannsóknarspurninga sem settar voru fram í upphafi.

Í fimmta kafla fara fram umræður. Þar verður fjallað um helstu niðurstöður úr fjórða kafla, þær ræddar, settar í fræðilegt samhengi og ályktanir dregnar. Fjallað verður um takmarkanir rannsóknar, hugleiðingar og álitamál og dregin saman helstu svör.

Í sjötta kafla eru stutt lokaorð.

2 Fræðilegur grunnur

Í þessum kafla verður fræðilegur grunnur lagður, fjallað verður um námskenningar, um ólíkar aðferðir við skráningu og mat og hvernig ferilmappa heldur utan um það. Þá verður fjallað um áherslur í mati á námi ungra barna, hvað kemur fram í lögum og aðalnámskrá tengt þessu efni og hvað fræðimenn hafa um efnið að segja.

2.1 Námskenningar

Námskenningar byggja á hugmyndum um hvernig þekking verður til. Þær grundvallast á mismunandi sýn á þekkingu, til dæmis með hvaða hætti barn tileinkar sér þekkingu miðað við þroska og í hvaða umhverfi þekking verður til.

Hér verður lítillega fjallað um félagslega hugsmíðahyggju, um hugmyndir Deweys um nám, reynslu og samfellu, um hugmyndir Vygotskys um stuðning við þekkingaröflun barns og um síðtímahugmyndir.

2.1.1 Félagsleg hugsmíðahyggja

Samkvæmt félagslegri hugsmíðahyggju fer nám fram í félagslegu samhengi og byggir á félagslegum aðstæðum, færni barns og áhugahvöt þess. Virkni er mikilvæg forsenda náms, þar sem hver einstaklingur byggir upp þekkingu með samskiptum og í samvinnu við umhverfi sitt, börn og fullorðna. Umhverfið þarf að vera auðugt og hvetjandi til athafna og rannsókna. Gera þarf ráð fyrir virkri þátttöku barnsins í uppbyggingu þekkingar. Litið er svo á að leikskólakennarinn nærri og efli faglega þekkingu sína er hann hvetur barn til að þróa hugmyndir sínar, tilgátur og kenningar (Dahlberg, Moss og Pence, 1999).

2.1.2 Svæði mögulegs þroska

Samkvæmt hugmyndum Vygotsky (Bodrova og Leong, 1996) er tungumálið og tengsl (e. intimacy) grundvallarþættir í þroska barns (Bodrova og Leong, 1996). Vitsmunapróski þróast í félagslegu samhengi og í samskiptum við önnur börn tileinkar barn sér getu og þróar vitsmunalega hæfni sína. Það er hins vegar í samskiptum við fullorðna sem barnið tileinkar sér kunnáttu. Vygotsky telur að eigi barn að ná

góðum árangri þurfi það að taka þátt í vitsmunalegu samspili við einhvern fullorðinn eða eiga samskipti við annað barn sem komið er lengra á þroskaferlinu (Johansen og Brynhildsen, 1997/1998).

Vygotsky (1996;1998;) beinir sjónum að möguleikum barns til þroska og talar um „*svæði mögulegs þroska*“. Það hugtak er skilgreint sem það svæði sem er milli getu barns þegar það leysir verkefni án hjálpar og getu barns þegar það fær aðstoð. Barn sem stadd er á svæði mögulegs þroska á að geta leyst verkefni í samvinnu við annan aðila sem hefur meiri þroska og getu. Fari hvatning og leiðbeining fram á svæði mögulegs þroska þróast geta barns og hæfileikar þess. Ætla má að í leikskóla þar sem ferli náms er skráð í ferilmöppu fái leikskólakennari innsýn í hvernig mæta megi barni á svæði mögulegs þroska. Smám saman nær leiðbeiningin til barnsins og það leysir verkefni án hjálpar eða hvatningar. Barnið tileinkar sér kunnáttu um hvernig það getur leyst verkefni sjálft. Þá verður svokölluð *innhverfing*. Innhverfing frá verkefni þar sem barn er þátttakandi, til þess að barnið leysi verkefnið sjálft. Leiðbeiningin skapar ekki aðeins skjótan árangur heldur innhverfist nauðsynleg færni til að takast á við vandamál framtíðarinnar. Ef þetta er skoðað í ljósi máltöku, þá getum við fylgst með hvernig barn þróar tungumálið í félagslegu samhengi. Það gerist þannig að tungumál er markvisst notað í samskiptum við börn og fullorðna og við það innhverfist málið hægt og sígandi þannig að það verður verkfæri fyrir hugsunina (Bodrova og Leong, 1996; Johansen og Brynhildsen, 1997/1998).

Bodrova og Leong (1996) fjalla um rannsóknir ýmissa fræðimanna á hugmyndinni um svæði mögulegs þroska í kennslu. Niðurstöður þeirra rannsókna sýna fram á mikilvægi þess að styðja við námsferil barns, veita því örvun, leiðbeiningu og hvatningu miðað við aldur þess og þroska (Bodrova og Leong, 1996).

2.1.3 Reynsla og menntun.

Rauður þráður í skrifum Deweys (1938/2000) um skóla- og menntamál er áhersla á samfélag og samvinnu. Reynsla skapast vegna samspils eða víxlverkunar sem verður milli barns og þess umhverfis sem það er stadd í, hvort sem það er fólk eða viðfangsefni barnsins. Dewey taldi að nám ætti sér stað fyrir tilstyrk reynslu sem barn öðlast og hann skilgreindi reynslu sem raunverulega lífsreynslu einstaklings. Hann talar líka um „*óslitinn þráð reynslunnar eða samfelluna í reynslunni*“ (Dewey, 1938/2000), sem

Þýðir í raun að samfella þarf að vera í reynslu barns á þann hátt að athafnir þess og upplifun byggji á fyrri reynslu og viðfangsefnum og breyti með einhverjum hætti því sem á eftir kemur. Dewey líkir samfellu við „þroska í merkingunni að vaxa eða þroskast ekki aðeins líkamlega heldur einnig vitsmunalega og siðferðilega“ (Dewey, 1938/2000). Með þetta í huga þarf leikskólakennari að taka mið af þeirri reynslu er barn hefur úr fyrri aðstæðum til að það öðlist nýja reynslu sem verður því einhvers virði. Hlutverk leikskólakennarans er að velja viðfangsefni sem byggir á reynslu barns og sem gefur því tækifæri til að auðga reynsluheim sinn, viðfangsefni sem vekur forvitni, undrun og áhuga á að skoða nýjar hugmyndir. Leikskólakennari þarf að leita eftir upplýsingum um barnið, reynslu þess og áhugasvið til að styðja það og hvetja og á sama hátt þurfa foreldrar að fylgjast með reynslu barns í leikskólanum til að geta byggt á henni.

2.1.4 Síðtímahugmyndir

Þau viðhorf og hugmyndir um nám og þroska barna sem horft var til á síðari hluta tuttugustu aldar hefur á undanförunum árum fengið töluverða gagnrýni. Samkvæmt þeim að litið er svo á að barnið byrji lífið sem óskrifað blað (e. tabula rasa) það sé saklaust í blóma lífsins, það sé hluti af náttúrunni, þroskinn áskapaður og þróun þess fylgi ákveðnum stigum, það sé jafnvel hluti af vinnumarkaði. Nýjar hugmyndir og kenningar, svonefndar síðtímahugmyndir eða póstmóðernismi hafa á hinn bóginn fengið aukna athygli. Samkvæmt síðtímahugmyndum er litið svo á að barnið sé þátttakandi í samfélaginu og hluti af því og að það taki virkan þátt í sköpun menningar og þekkingar. Börn eru hluti af og jafnframt aðskilin frá fjölskyldunni, þau eiga sér áhugamál sem þurfa ekki að falla að áhugamálum foreldra eða fullorðinna (Dalberg, Moss og Pence, 1999; Jóhanna Einarsdóttir 2007).

David Elkind (1995; 1997) fjallar um og ber saman nútímahugmyndir eða móðernisma og síðtímahugmyndir með tilliti til barns og skólustarfs. Hann fjallar einnig um nútímahugmyndir og síðtímahugmyndir varðandi skólustarf og fjölskylduform. Hann telur margbreytileika (e. difference), sérstöðu (e. particularly) og óróleika (e. irregularity) vera þá þrjá meginþætti sem einkenna síðtímahugmyndir. Elkind telur síðtímahugmyndir eins og nútímahugmyndir að mestu vera vestrænt fyrirbæri og að síðtíma-

hugmyndir þróist í skrefum á mismunandi svæðum og sviðum á sama hátt og nútímahugmyndir gerðu áður fyrir (Elkind, 1995; Elkind, 1997).

Samkvæmt nútímahugmyndum ríkti sú sýn að vestrænn heimur væri æðri öðrum og álitíð var að önnur ríki og heimshlutar væru vanþróuð svæði. Þeir sem fluttu til hins vestræna heims áttu að aðlagast vestrænu samfélagi og menningu. Síðtímahugmyndir leggja á hinn bóginn áherslu á að fjölbreytt þjóðmenning og kynþættir séu viðurkennd jafn réttá og að þeir sem flytja til Vesturlanda séu verðug viðbót við vestræna menningu og þeir metnir sem slíkir. Þá gagnrýna síðtímahugmyndir algilda eiginleika og námsaðferðir barna samkvæmt nútímahugmyndum. Fremur líta þeir svo á að börn læri á mismunandi hátt og á mislöngum tíma og blöndun aldurshópa geti verið leið til að mæta fjölbreytileika barnahóps. Sveigjanlegar starfsaðferðir og mat taka tillit til einstaklingsins í stað þess að gera ráð fyrir algildum eiginleikum allra barna. Elkind telur börn í nútíma þjóðfélagi þurfa að aðlagast mikilli fjölbreytni og margbreytileika sem á sama tíma tekur stöðugum breytingum. Þannig aðstæður gera þær kröfur til barna að þau móti eigin skilning á heiminum og fái tækifæri til að velja og stjórna verkefnum sínum og gjörðum, bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra (Elkind, 1995; 1997; Jóhanna Einarsdóttir 2007).

2.1.5 Samantekt um námskenningar

Við samanburð á áðurnefndum hugmyndum um nám skína hugmyndir hugsmíðahyggjunnar í gegn, virkni barnsins er grundvallaratriði. Barnið er í samskiptum við stóra og smáa í umhverfi sínu og reynsla þess skiptir máli fyrir áframhaldið eins og Dewey (1938/2000) benti á. Fram hefur komið að Vygotsky beinir sjónum (Bodrova og Leong, 1996; Johansen og Brynhildsen, 1997/1998) að þroskamöguleikum barns og hvernig leiðbeina má barni í námi þess. Hann kynnir þar svæði mögulegs þroska. Með því að láta barni í té verkefni sem er ofar getu þess, öðlast það ákjósanlega þroskamöguleika. Það er mikilvægt í þessu ferli að barnið sjálft sé virt og að samvinna þess og fullorðinna sé á forsendum beggja. Barnið er aðalatriðið í þessari samvinnu. Viðhorf leikskólakennarans hefur áhrif og skiptir máli, þegar hann teygir sig í átt að því þroskastigi sem barnið er á og aðstoðar það til aukins þroska þannig að það nái að tileinka sér þekkingu og fá trú á sjálfu sér. Hér þarf leikskólakennarans að átta sig á getu og skilningi barnsins og samtímis að vita hvað næsta skref er. Hann þarf að styðja barnið áfram þar til það getur tekist á við

verkefnið sjálft og gert það hjálparlaust. Stundum hefur þessu verið líkt við stillansa byggingar, myndrænt getum við séð fyrir okkur hús í byggingu, þar sem stillansarnir eru fjarlægðir þegar ekki er lengur þörf fyrir þá. Barnið er alltaf í brennidepli ef vel skal standa að þroska þess og uppeldi. Börn búa hins vegar við mismunandi skilyrði og í leikskólanum þarf að leitast við að hámarka þroskamöguleika þeirra og reyna að mæta þörfum allra barna. Börn læra á mismunandi hátt og á mislögum tíma og það krefst sveigjanleika í starfsháttum. Umhverfið er margbreytilegt, sérstakt og órólegt samkvæmt álitum Elkind (1995; 1997) á einkennum síðtímahugmynda. Hann telur börn þurfa að aðlagast fjölbreytni og margbreytileika sem auk þess er á stöðugri hreyfingu. Þannig aðstæður gera þær kröfur til barna að þau móti eigin skilning, velji og stjórni verkefnum bæði sem einstaklingar og í samvinnu við aðra. Í ljósi þessa er mikilvægt að virkni barnsins sé hátt metin í starfi leikskólans. Ég tel að virkni barnsins og áhugi séu hornsteinar í námi þess og þroska og mikilvægt að jákvæð ígrunduð samskipti eiga sér stað í daglegu starfi leikskólans, þar sem hlustað er á hvert barn, þarfir þess og væntingar.

2.2 Hvers vegna ferilmappa?

Aðalnámskrá leikskóla (1999) gerir ráð fyrir að hver leikskóli móti eigin aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan (Menntamálaráðuneytið, 1999). Ein leið til að meta uppeldisstarfið er að skrá ferli starfsins, rýna í skráningar og reyna að átta sig á líðan og færni barns, þroska þess og hæfni.

Kristín Hildur Ólafsdóttir (2005) stjórnaði þróunarverkefni sem miðaði að því að skoða og breyta skapandi starfi í leikskólanum Sæborg með aðferðir leikskólanna í Reggio Emilia og könnunar aðferð að leiðarljósi og um leið að gera skráningar virkar í leikskólastarfinu. Í Reggio Emilia eru skráningar úr starfinu varðveittar í ferilbókum (Kristín Hildur Ólafsdóttir, 2005). Ferilmappa er áhugaverð nálgun til að meta leikskólastarf og gera það aðgengilegt foreldrum. Því aðferðir við vinnslu ferilmöppu byggja á ólíkri hugmyndafræði og notkun hennar getur verið ólík. Meðal þeirra sem skrifað hafa um ferilmöppu í leikskóla eru fræðimenn frá Bandaríkjunum, Ítalíu og Nýja Sjálandi.

Fyrst verður fjallað um aðferð sem þróuð var í Bandaríkjunum og byggir á tilbúnum matsblöðum og þroskalista í ferilmöppu til að skrá og meta þroska barns. Þá verður fjallað um hugmyndafræði leikskólastarfs í

Reggio Emilia á Ítalíu og að lokum verður fjallað um matsaðferð í leikskóla sem byggir á skráningu og söfnun á námssögum (e. learning stories) barna. Aðferðin hefur verið þróuð á Nýja Sjálandi. Hér verður stuttur útdráttur um þessar aðferðir og í beinu framhaldi verður fjallað ítarlega um þær.

2.2.1 Heildrænt mat á námi

Bandarískir fræðimenn Gronlund og Engel (2001) hönnuðu „*Focused Portfolios*“ eða fyrirmynd að ferilmöppu til að gera heildrænt mat á námi eins til fimm ára barna. Ég mun hér nota „Hnitmiðuð ferilmappa“ sem þýðingu á „*Focused Portfolios*“. Um er að ræða notendavænt og jafnframt fjölskylduvænt kerfi, sem hannað var til að auðvelda starfsfólki leikskóla og annarra sem vinna með ungum börnum að meta þroska og færni barns. Uppbygging ferilmöppu er skilgreind stig af stigi, skipulag möppunnar, söfnun skráninga, val efnis og ráðgjöf til fjölskyldna. Höfundar telja að gott skipulag athugana og skráning á þroska barns auðveldi starf leikskólakennara og stjórnenda. Safnað er skráningum í fjórum flokkum: um þætti er vekja áhuga barns, um vini, um fjölskyldu og um þroska samkvæmt ákveðnum mælikvarða. Gronlund og Engel telja þessa flokka sýna leikskólakennurum og foreldrum hvert áhugasvið og styrkur barnsins er. Þær telja ennfremur að athugun og traustar mælingar séu gluggi að því starfi sem fram fer í leikskólum og að ferilmappa hvetji til þess að þroski, færni og líðan barns sé metin í daglegu umhverfi barns (Gronlund og Engel, 2001).

2.2.2 Hugmyndir um nám – skráning sem gerir nám barnsins sýnilegt

Frá Reggio Emilia á Norður Ítalíu kemur aðferð sem verið hefur í þróun í um hálfu öld. Aðferðin byggir á rannsakandi leikskólastarfi með mikilli áherslu á samvinnu foreldra, leikskólakennara og barna.

Meginmarkmið með starfinu í Reggio Emilia er að gengið er út frá því að nám fari fram við félags- og menningarlegar aðstæður, stuðst er við virka hlustun, hlustað er á hugmyndir, tilgátur, spurningar og svör barna. Lýðræði er virt og litið á barnið sem öflugan og virkan einstakling með einstaka hæfileika, auk þess að vera fætt með hundrað mál. Þá er sérstakur skilningur á þekkingu og námi þar sem litið er svo á að þekking byggist upp í félagslegu umhverfi og nám sé ferli uppbyggingar, byggt á

tengslum og hlustun og gert sýnilegt með aðstoð skráninga (e. documentation) (Rinaldi, 2005a).

Markmið skráningar er að skilja hugmyndir og tilgátur barna og að skilja hvernig leikskólakennari getur stutt barn við að þróa tilgátur sínar. Með skráningum verða hugmyndir og tilgátur barna sýnilegar. Skráning er aðferð til gagnaöflunar og er tæki til að skoða og ígrunda það sem gerst hefur (Rinaldi, 2005a).

2.2.3 Námssögur barna sem matsaðferð

Carr og samstarfsfólk hennar skrá námssögur (e. learning stories) barna í þeim tilgangi að meta starf í leikskóla. Námssögur eru skráning atburða í leikskólastarfi og hver skráning gefur mynd af barni, líðan þess og færni. Námssögum, verkum barns og ljósmyndum er safnað í möppu yfir ákveðið tímabil og gögnin svo skoðuð með hliðsjón af því hvort greina megi hneigð til náms hjá barni (Carr, Jones, Lee, 2005). Carr leggur áherslu á að meta skuli vellíðan og hneigðir til náms hjá leikskólabörnum. Hneigð til náms birtist í því að barn sýni áhuga (e. being ready), vilja (e. being willing) og getu (e. being able). Samkvæmt Carr og félagi er mat á hneigð til náms og þátttaka í ákveðnu starfi liður í margbreytileika náms.

2.2.4 Hnitmiðuð ferilmappa

Hnitmiðuð ferilmappa (e. Focused Portfolios) er matskerfi fyrir ung börn, hannað af Gronlund og Engel (2001). Kerfið er ferilmappa þar sem félagslegar og vitsmunalegar athafnir barns og hreyfifærni þess eru skráð og þróun þeirra tengd við ákveðin viðmið eða mælikvarða. Í ferilmöppuna fer frásögn af reynslu barns, ljósmynd af barni í starfi og/eða verk eftir barnið. Skráning fer fram í daglegu umhverfi barnsins yfir nokkurt tímabil. Tvisvar til þrisvar á ári skoðar leikskólakennarinn skráningarnar, ígrundar þær og metur hæfileika og feril barns. Leikskólakennari og fjölskylda ræða stöðu barns, setja markmið og gera áætlun sem styður þroska barns heima og í leikskóla (Gronlund og Engel 2001). Markmið Gronlund og Engel er að búa til handhæga ferilmöppu um leikskólastarf sem fellur vel að daglegu starfi leikskólakennarans.

Mælikvarðar Gronlund og Engel eru byggðir að hluta á mælikvörðum frá *Developmentally Appropriate Practise in Early Childhood Programs* sem gefnir voru út af the National Association for the Education of Young Children (NAEYC) í Bandaríkjunum. Höfundar þess lista eru Sue

Bredekamp og Carol Copple. Gronlund og Engel sækja aukaviðmið vegna eldri barna til sömu heimildar og notaður var við samningu NAEYC mælikvaraðans það er: *The Primary Program: Growing and Learning in Heartland*. Gronlund og Engel velja þessa mælikvarða með það í huga að NAEYC kvarðarnir séu gjarnan tiltækir, víða notaðar í leikskólum og þess vegna kunnugir mörgum bandarískum leikskólakennurum (Gronlund og Engel 2001).

Mælikvarðar Gronlunds og Engels fjalla um þróun og þroska barns frá fæðingu til fimm ára aldurs. Höfundar telja að ef leikskólakennari noti þegar einhverja mælikvarða í starfi sínu, þá geti hann auðveldlega aðlagð aðferðir Hnitmiðaðrar ferilmöppu að sínum aðferðum. Í mælikvarða Gronlunds og Engels er litið til sjö þroskasviða varðandi yngri börn og sjö þroskasviða fyrir eldri börn. Mælikvarði yngri barna fjallar um hvort þau sýni áhuga á öðrum, sýni meðvitund um sjálf sig, vinni á gróf- og fínhyfisviðum, eigi í samskiptum við aðra, vinni með ákveðinn tilgang í huga og tjái tilfinningar. Fyrir eldri börnin er litið til hugsunar, rökleiðslu og lausnar viðfangsefna, félags- og tilfinningahæfni, málnotkunar og samskiptahæfni, gróf- og fínhyfihæfni, þróunar í lestri og skrift og til skapandi starfs (Gronlund og Engel 2001). Gronlund og Engel telja þroskasviðin á hverju aldursbili ekki óhóflega mörg og þess vegna auðveld í notkun. Atriðin geta bæði átt við hefðbundna þróun barns sem og barn með sérþarfir.

Ferilmappan inniheldur fjögur skráningareyðublöð þar sem skráð er það sem vekur áhuga barns, hverjir eru vinir barns, um fjölskyldu barns auk þroskatengds mælikvarða. Skráningin um það sem vekur áhuga barns er lýsing á verkefni sem barn tekur sér oftast fyrir hendur og virðist hafa mikla ánægju af. Skráningin um vini barns felst í því að skrá vini barnsins og hvað þeir gera saman og hvernig tilfinningar birtast gagnvart vinum. Skráningin um fjölskyldu er eitthvað sem foreldri hefur deilt með leikskólakennara um hæfni barns heima og/eða atvik sem leikskólakennari hefur orðið vitni að í samskiptum foreldris og barns. Á eyðublaðið um þroskatengdan mælikvarða fer skráning sem er sett saman í fjórum liðum. Leikskólakennari gerir athugun á barni eða hóp af börnum þar sem hann skráir það sem hann sér og heyrir og í framhaldi af því skráir hann stutta frásögn. Leikskólakennari getur tekið ljósmynd sem tengist frásögninni eða velur verk eftir barnið sem verður sýnishorn í ferilmöppunni. Leikskólakennari skráir hjá sér á hvaða þroskasviði barnið er að vinna hverju sinni og hvernig aðkoma barns er að verkinu, til dæmis

hvort verkefnið er að frumkvæði barns eða fullorðins, hvort verkefnið sé ný reynsla barns og hversu löngum tíma barnið eyðir í verkið. Í báðum aldurshópum fela athuganir leikskólakennara í sér nákvæma lýsingu á virkni barnsins ásamt því að orðrétt skráning er höfð eftir barninu (Gronlund og Engel, 2001).

2.2.5 Hugmyndir um nám, leikskólastarf í Reggio Emilia

Frá smábænum Reggio Emilia í Romagna héraði á Norður Ítalíu kemur aðferð sem verið hefur í þróun í um hálfu öld. Aðferðin felur í sér að börn eru hvött til að rannsaka umhverfi sitt og túlka það með öllum tiltækum tjáningarmátum, hvort sem það er samræða, hreyfing, málun, bygging, skúlptúr, skuggaleikur, tónlist, dans eða annað. Frá upphafi hefur mikil áhersla verið á samvinnu foreldra, leikskólakennara og barna í aðferðafræði Reggio Emilia. Húsnæði leikskólanna er skipulagt með það í huga að það styðji rannsakandi starf. Vinna fer fram er í smáum hópum þar sem lögð er áhersla á samstarf barna, leikskólakennara og samfélagsins því litið er á nám sem félagslega uppbyggingu þekkingar og menningarmiðlun. Hlustað er eftir hugmyndum barna, þau eru hvött til að spyrja spurninga, setja fram tilgátur og leita svara við þeim í samvinnu við fullorðna (Edward, Gandini og Forman, 1998). Leikskólakennarar í Reggio Emilia byggja framtíðarsýn og verkefni á grunni skýrra hugmynda um þátttöku, lýðræði og samfélag (Edward, Gandini og Forman, 1998).

Rætur leikskólastarfsins liggja hjá foreldrum og leikskólakennurum sem í sameiningu byggðu fyrstu leikskólana frá grunni, stein fyrir stein og byggðu upp starfseminu á þeirri hugmynd „... að málefni um börn og fyrir börn væri aðeins hægt að læra af börnum“ (Malaguzzi, 1998).

Námskrá Reggio Emilia leikskólanna einkennist af því að leikskólakennarar skipuleggja umhverfið sem námsumhverfi en eru ekki með fyrirfram undirbúin verkefni eða markmið. Á grundvelli reynslu og þekkingar á börnum setja leikskólakennararnir fram tilgátur um hvað gæti gerst. Með tilgátunum setja þeir fram sveigjanlegt markmið sem aðlagð er að áhuga og þörfum barna. Leikskólakennarinn tekur virkan þátt í starfinu með börnunum og öðlast þannig tilfinningu fyrir áhugamálum þeirra. Starfið byggir á rannsókn barna og leikskólakennara á viðfangsefni sem skapast vegna hugmynda barna um tiltekið efni. Mikilvægt er að nægur tími sé veittur hverju rannsóknarverkefni og það er skoðað aftur og

aftur frá mörgum sjónarhornum bæði með börnum og meðal leikskólakennara (Rinaldi, 1998).

Rinaldi (1998) segir það grundvallarsjónarmið leikskólanna að viðhalda félagslegu námsferli, það er samstarfi foreldra, barna, leikskólakennara og samfélagsins og að hjálpa börnum að skilja hversu mikilvægt það er að hlusta, ræða og ígrunda eigin hugmyndir og annarra. Hún leggur áherslu á að menntastofnun er í raun samstarfsvettvangur þriggja aðila, það er barna, leikskólakennara og foreldra og hún er innan ákveðins samfélags. Til að framfylgja þessari grundvallarsstefnu verður stofnunin að tryggja velferð foreldra og leikskólakennara um leið og hún tryggir velferð barnanna. Tengslin eru svo samþætt að vellíðan eins af þessum aðilum veltur á vellíðan hinna tveggja. Litið er á foreldra sem fullgilda þátttakendur í samstarfinu, það merkir að foreldrar eru eining sem ekki er hægt að aðgreina frá leikskólanum (Rinaldi, 1998).

Rinaldi (1998) leggur áherslu á það sjónarmið að félagsleg uppbygging náms byggir ekki á barni sem einstaklingi miklu fremur barni í tengslum við önnur börn, leikskólakennara, foreldra, eigin reynslu, félagsleg og menningaleg tengsl (Rinaldi, 1998:). Hún telur (2005) að með barni þróist hæfni til að meta og þróa hugmyndir og deila þeim með öðrum. Þegar barn túlkar hugmyndir sínar fyrir öðrum, túlkar það þær jafnframt fyrir sjálfu sér og þróar meðvitaða sýn. Með því að deila hugmyndum með öðrum og vera fær um að hlusta á aðra verða samskipti og umræða möguleg (Rinaldi, 2005b; 2005a).

Leikskólakennari aðstoðar barnið í þekkingarleit með virkri hlustun. Það felur í sér að hann hlustar af athygli, skráir hjá sér og spyr opinna spurninga með því hvetur hann og styður barnið í þekkingarleitinni. Í starfi sínu byggir leikskólakennari á hugsun sem er verkefnamiðuð (e. project-based thinking), hugsun sem virðir skoðanir annarra, viðurkennir mistök og óvissu og gerir efa og meðvitund jafngild. Slík hugsun tvinnar saman menningarheima og kynþætti og á henni hvílir að efla fræðslu sem byggð er á þátttöku, frelsi og gildum mannlegrar virðingar (Rinaldi, 2001). Hlustun er grundvallaratriði fyrir athugun og skráningu. Athugun felur í sér að skilja, að byggja upp, túlka og ígrunda. Skráning felur í sér margar aðferðir svo sem að skrá minnisatriði, dagbók eða annað frásagnarform eins og hljóðupptöku, ljósmyndir eða vídeómyndir. Skráning á ferli gerir starf leikskólans að hluta sýnilegt, það er námsferil og skipulagið sem barn notar. Hún gerir enn fremur umræðu, upprifjun og

mat á ferlinu mögulega. Mikilvægt er að skráning sé rædd og ígrunduð með samstarfsfólki. Þannig veitir skráning leikskólakennara tækifæri til að hlusta, sjá og þess vegna endurtaka með sjálfum sér og með öðrum atburði og ferli sem hann vann að beint eða óbeint. Því má álykta að ígrundun með samstarfsfólki auðveldi sköpun þekkingar og skráning verði þannig hjartað í verkefninu og geri faglega þróun leikskólakennarans sýnilega. Einnig má álíta að skráning verði til þess að börnin fái tækifæri til að skoða aftur, ígrunda og túlka. Skráning getur stutt börn í að muna, gerir þeim samiburð mögulegan og veitir þeim tækifæri til staðfesta fyrir sjálfum sér þekkingu sína (e. self-correct). Í þessum skilningi veitir skráning foreldrum sérstakt tækifæri til að fylgjast með hvað barnið aðhefst í leikskólanum, hvernig það mótast starf sitt og menningu. Skráning gefur foreldrum tækifæri til að meta gildi þess að vera í góðum samskiptum við leikskólakennara og barnahópa og getur stutt þá og hvatt í foreldrahlutverkinu. Þá opnar skráning leið fyrir foreldra að reynslu barna sinna í leikskólanum.

Skráningin er sett upp á afmörkuðum stað í leikskólanum og er skipulega bætt inn skráningu eftir því sem verkefni miðar. Margt konar skráningar og túlkanir eru settar hlið við hlið svo sem bækur, ljósmyndir, skrifuð atriði, vídeó, teikningar, listaverk og fleira. Þetta gefur foreldrum innsýn í nám barna sinna, ekki bara að sjá lokaverkefni heldur að fylgjast með öllu ferlinu og þeim leiðum sem barn velur í námi sínu. Með þessu verða foreldrar meðvitaðir um starf barnsins í leikskólanum og hvernig umræða þróast meðal barna. Skráningin styður minningu og samskipti barna, leikskólakennara og foreldra, verður spegill þekkingar þar sem börn og leikskólakennarar sjá eigin hugmyndir og myndir og getur skapað umræður með öðrum (Rinaldi, 1998).

Að sýna skráningu er í raun að gera menningu barna sýnilega bæði innan og utan leikskólans. Skólinn er ekki einangrað fyrirbæri í samfélaginu, hann er hluti af því og hefur bæði réttindi og skyldu til að gera menningu barna sýnilega í samfélaginu (Rinaldi, 1998).

2.2.6 Námsögur

Á síðustu áratugum tuttugustu aldar gerði stjórn Nýja Sjálands átak í námskrárgerð fyrir leikskólastigið. Námskrá var gefin út 1996 og nafn hennar „*Te Whāriki*“ valið úr tungu frumbyggja og merkir það ofin motta sem er myndlíking, annars vegar fyrir alla til að standa á og hins vegar er

Það vefur eða vefnaður og er andstætt þrepalíkani þróunarsálfræðinnar. Nýsjálendingar kusu sér félags- og menningarlega nálgun í námskrárgerð. Námskráin tekur yfir tvo menningarheima, heim frumbyggja sem leggja megináherslu á félagslega og tilfinningalega þætti og svo heim hinna hvítu sem leggja áherslu að barn nái ákveðnu þroskastigi eða skólafærni. Námskránni er ætlað að tengjast heildrænni þróun barns þar sem lykilatriði er að barnið er þátttakandi, að fjölskyldu- og samfélagsbönd styrkist og að barn læri með því að vera virkt og rannsakandi í umhverfi sínu (Bennet og Leonarduzzi, 2004; Carr og Podmore, 1999).

Carr og samstarfsfólk hennar á Nýja Sjálandi þróuðu aðferð sem byggir á þeirri sýn að nám fari fram í félagslegu samhengi og byggi á þremur megin þáttum: félagslegum aðstæðum, áhugahvöt og færni einstaklingsins. Þetta felur í sér að einstaklingur býr við tiltekin félagsleg skilyrði sem er annað fólk, námskrá og námsumhverfi. Hver einstaklingur þróar með sér námsaðferðir, sem byggja á færni, þekkingu og ásetningi. Þetta tvennt, ásamt áhugahvöt einstaklingsins, mótar það sem Carr og samstarfsfólk hennar kalla hneigðir til náms (e. learning disposition).

Carr (2001) talar um fimm svið/þræði hneigða til náms, þ.e. að barn móti sjálfsmynd með því að vera áhugasamt, virkt, takist á við erfiðleika og óvissu, eigi samskipti við aðra og taki ábyrgð fyrir eigin hönd og annarra. Að vera áhugasamur vísar til þess hvernig barn skynjar sig sjálf og stöðu sína innan hópsins og hvort það telur sig tilheyra hópnum. Að vera virkt vísar til þess hversu eftirtektarsamt barn er, hversu vel það heldur athygli og hvaða öryggi það sýnir í nánasta umhverfi sínu. Að takast á við erfiðleika og óöryggi vísar til þess hvort barn er tilbúið að taka áhættu og gera mistök. Hvernig það skynjar stað og stund í umhverfi sínu við lausn verkefna og mistök eru hluti af lausn verkefna. Að eiga samskipti við aðra vísar til færni við að tjá hugmyndir og tilfinningar og að skynja andrúmsloftið. Þarna ætti barn að vera fært um að tjá sig á fleiri en einn máta, geta skynjað aðstæður og verið í samskiptum. Að taka ábyrgð fyrir eigin hönd og annarra vísar til þess að barn sé fært um að sjá annað sjónarmið og hafi tilfinningu fyrir réttlæti (Carr, 2001).

Carr og samstarfsfólk hennar þróuðu matsaðferð sem þau kalla námssögur. Námssögur eru frásagnir af athöfnum barns. Þær lýsa ferli þar sem barn byggir upp sitt eigið námsumhverfi til þess að styrkja og staðfesta hneigð til náms (Carr og Podmore, 1999). Sögur eru sterkt rannsóknartæki og eiga langa hefð í menntun. Þær gefa mynd af raun-

verulegu fólki í raunverulegum aðstæðum, takast á við raunveruleg vandamál. Sögur gefa okkur færi á að velta fyrir okkur hvað hefur áhrif og hverju má breyta (Carr, Helen og Podmore, 2000). Aðferðin felur í sér að safnað er námssögum sem eru skráð atvik í leikskólastarfi. Þetta eru stuttar skráningar sem safnað er og hver skráning gefur mynd af barni, styrkleika þess og færni. Námssögum er safnað yfir tiltekið tímabil í ferilmöppu, sem auk þess inniheldur verk barns, ljósmyndir og athugasemdir. Gögn möppunnar eru svo skoðuð með hliðsjón af því hvort greina megi í þeim einhvern eða alla þræði hneigða til náms (Carr, 2001).

Leikskólakennari sem safnar námssögum til að meta nám hefur í huga ferli í fjórum þáttum þar sem hver tekur við af öðrum: að lýsa (e. describe), að ræða (e. discuss), að skrá (e. document) og að ákveða (e. decide). Fyrsti þáttur felur í sér að lýsa námi eða þróun barns, hversdagsiðju þess, skrá frásögn af atviki eða atburði, safna ljósmyndum eða myndverkum. Annar þáttur felur í sér að ígrunda það sem safnað hefur verið, ræða það við barnið, foreldra þess og samstarfsfólk í þeim tilgangi að staðfesta túlkun. Sá þriðji felst í að skrá og tengja formlega þá þræði er sýna hneigðir til náms inn í sögurnar sem safnað hefur verið. Sýnir barnið áhuga, er það virkt, tekst það á við erfiðleika og óöryggi, á það í samskiptum við aðra og tekur það ábyrgð fyrir sína hönd og annarra? Fjórði þátturinn í ferlinu er svo að ákveða hvernig maður notar skráningarnar, túlkar þær og að síðustu að ákveða hvað skal gera og hvernig. Þetta ferli er endurtekið aftur og aftur (Carr, 2001).

Carr talar um að þegar verið er að meta nám í leikskóla ætti að hafa hneigð barna til náms í forgrunni en framlag umhverfis, færni og þekkingu í bakgrunni. Hneigð til náms er að sýna áhuga, að vera virkur, að takast á við erfiðleika og óöryggi, að eiga í samskiptum við aðra og að taka ábyrgð fyrir eigin hönd og annarra. Þetta eru þættir sem ætlað er að muni móta barn sem einstakling með löngun til að afla sér þekkingar ævina á enda. Að barn vaxi sem hæfur, miðlandi og sjálfsöruggur einstaklingur, heilbrigður á sál og líkama, öruggt í þeim skilningi að því finnist það tilheyra tilteknum hópi eða samfélagi og að það geti gefið af sér. Að barnið sé að loknum leikskóla tilbúið að takast á við frekara nám, með sterka hneigð til náms, þekkingu og færni til að læra meira (Carr og Podmore, 1999).

Höfuðábyrgð leikskólakennarans er að styðja við að barn sýni áhuga, vilja og getu til að takast á við breytingar. Leikskólakennarinn þarf að

fylgja eftir heildrænni þróun barns, gæta þess að þátttaka þess verði lykilatriði, að tenging við fjölskyldu og samfélag verði sterk og að barn læri gegnum virka rannsókn í umhverfinu. Með námssögum er hægt að hvetja til þess að jákvætt atvik verði að vana, hneigð eða eftirvæntingu. (Carr o.fl. 2000; Carr, 2001).

2.2.7 Samantekt um ferilmöppur

Hér að framan hefur verið fjallað um þrjár aðferðir sem allar nota skráningar við mat á líðan og færni leikskólabarna. Sterklega kemur fram í þessum aðferðum áhersla á virkni og þátttöku barns í námi, að virkni og þátttaka eru lykilatriði í þroska barns. Þannig byggir barnið upp þekkingu sína og vitsmunabroska í samstarfi og samskiptum við fullorðna og jafningja í umhverfi sínu (Bodrova og Leong, 1996; Dahlberg, Moss og Pence, 1999; Dewey, 1938/2000; Johansen og Brynhildsen, 1997/1998). Mismikil áhersla er á tiltekna þætti, hjá Gronlund og Engel eru það félagslegir og vitsmunalegir þættir ásamt hreyfifærni, í Reggio er það sýn á barnið sem sterkan einstakling, hjá Carr hins vegar líðan og hneigð til náms.

Í þessum þremur aðferðum eru farnar mismunandi leiðir við skráningar, þær byggja á ólíkri sýn á nám og börn en í öllum er haldið utan um skráningarnar með ferilmöppu sem auk þess inniheldur verk barns, ljósmyndir og athugasemdir. Í Hnitmiðaðri ferilmöppu er verið að skoða tiltekna hæfileika barnsins og miða þá við ákveðna mælikvarða í þeim tilgangi að geta gert áætlun sem stuðlar að þroska barnsins heima og að heiman. Aðferð leikskólanna í Reggio Emilia hefur það að markmiði að gera starfið sýnilegt, að gera styrk og hæfileika barna sýnilega og um leið að opna möguleika á því að ræða, rifja upp og meta ferlið. Þriðja aðferðin er svo að safna námssögum sem eru skráð atvik, stuttar skráningar sem gefa mynd af barni, styrkleika þess og færni. Námssögum er safnað yfir tiltekið tímabil í ferilmöppu, gögn möppunnar eru svo skoðuð með hliðsjón af því hvort greina megi í þeim einhvern eða alla þræði hneigða til náms. Þessar þrjár aðferðir eru mjög áhugaverðar hver með sínu lagi. Ég tel aðferðir leikskólanna í Reggio Emilia vera nokkuð vel kunnuga leikskólakennurum hér á landi, þar sem þær hafa verið kynntar í grunnnámi þeirra um nokkurra ára skeið. Hinar aðferðirnar eru væntanlega síður þekktar, en námssöguaðferðin hefur nýlega verið prófuð og kynnt af lektorum í Háskóla Íslands (Bryndís Garðarsdóttir og Kristín

Karlsdóttir, 2008). Ég tel að sá sem ætlar að fara að safna skráningum í ferilmöppu þurfi að íhuga vel hvaða aðferð hentar því starfi sem fram fer í leikskólanum.

Fram kemur um Hnitmiðaða ferilmöppu að fylgjast skal með hreyfi-færni barns, félagslegum og vitsmunalegum athöfnum þess og að skrá athafnir skilmerkilega á þar til gert eyðublað. Þar er það tengt ákveðnum viðmiðum eða mælikvarða. Samkvæmt þessari aðferð er verið að fylgjast með hæfileikum barns og miða það við meðaltalsmælikvarða, að fylgjast með hvað barn kann og getur og hvernig það hugsanlega er í stakk búíð til að takast á við ný verkefni á nýjum vettvangi. Athuganir kennara fela í sér nákvæma lýsingu á virkni barnsins, ásamt því að orðrétt skráning er höfð eftir barninu.

Hugmyndir *Reggio Emilia* leggja áherslu á fjölbreyttan tjáningarmáta, þar sem börn eru hvött til að rannsaka umhverfi sitt og túlka með margvíslegum leiðum. Mikil áhersla er á samvinnu foreldra, barna og leikskólakennara. Leikskólakennarar hlusta eftir hugmyndum og tilgátum barnanna og styðja þau í leit að svörum við spurningum sínum. Leikskólakennari lítur á barnið sem öflugan einstakling sem er virkur í eigin námi, hann fylgist með barni, gerir skráningar, ígrundar þær og túlkar. Samkvæmt þessari nálgun er byggt á þeirri sýn að barnið sé öflugt og virkt, það rannsaki af áhuga og að leikskólakennarinn hvetji það og örvi með opnum og ögrandi spurningum.

Skráning námssagna byggir á þeirri hugmynd að nám fari fram í félagslegu samhengi og það byggi á félagslegum aðstæðum, áhugahvöt og færni einstaklings. Lykilatriði er að barn sé þátttakandi, virkt og rannsakandi í umhverfi sínu. Hver einstaklingur þróar með sér náms-aðferðir sem byggja á færni, þekkingu og ásetningi. Carr talar um hneigð til náms, sem er ferli hugsunar barns og tilhneiging þess til að bregðast við á tiltekinn hátt. Hneigð til náms felur í sér að barn mótar sjálfsmynd með því að vera áhugasamt, vera virkt, takast á við erfiðleika og óvissu, eiga samskipti við aðra og taka ábyrgð fyrir eigin hönd og annarra. Í leikskóla eru skráð atvik úr leikskólastarfi námssögur, sem er jafnframt aðferð til að meta líðan og hneigð barns til náms. Sögum er safnað yfir tiltekið tímabil í ferilmöppu sem inniheldur einnig verk barns, ljósmyndir og aðrar athugasemdir. Námssögurnar eru síðan ígrundaðar og skoðaðar með hliðsjón af því hvort greina megi í þeim hneigð til náms.

Samkvæmt aðferð Hnitmiðaðrar ferilmöppu virðist mér meiri áhersla vera lögð á að fylgjast með þroska barnsins á einstökum sviðum eða í bútum. Hvernig er hreyfifærnin, hvernig er félagsfærnin og hvernig er vitsmunaleg staða barnsins? Þegar ég skoða þennan þátt aðferðarinnar samanborið við hinar aðferðirnar hallast ég að aðferðum Reggio Emilia eða námssöguaðferðinni vegna þess að í þeim virðist mér meiri áhersla vera á að ná fram heildarmynd af barninu, líðan þess og færni. Þær athuga hvað barnið er að fást við, hvernig það leysir úr vandamálum og viðfangsefnum, hvaða styrk það hefur til að takast á við ný verkefni og hvaða hneigð það sýnir til náms.

2.3 Mat á námi ungra barna

Samkvæmt lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla á að meta leikskólastarf, árangur þess og þróun ásamt því að gefa upplýsingar um það til foreldra (Lög um leikskóla nr. 90/2008:17.gr.; Menntamálaráðuneytið, 1999). Áhugavert er að skoða hvernig það mat á að fara fram og hvaða viðmið skuli hafa til hliðsjónar. Hér verður greint frá ákvæðum í lögum og aðalnámskrá. Ennfremur verður greint frá niðurstöðum rannsókna um samskipti foreldra og leikskólakennara sem gerðar hafa verið hér á landi. Þá verður greint frá hugmyndum Lilian Katz um mat á námi ungra barna og hugmyndum Bertram og Pascal um árangursríkan námsmann.

2.3.1 Íslenska leiðin

Samkvæmt lögum um leikskóla er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskóla meðal annars upplýsingagjöf um leikskólastarf, árangur þess og þróun til foreldra, auk þess að stuðla að auknum gæðum og umbótum í leikskólastarfi, að tryggja réttindi og þjónustu við börn og að tryggja að starfsemi fari fram samkvæmt lögbundnum ákvæðum (Lög um leikskóla nr. 90/2008:17.gr.). Í Aðalnámskrár leikskóla (1999) segir að við innra mat á leikskólastarfi skuli meðal annars athuga atriði eins og líðan barns, samskipti við barn, leik og leikskólastarf, námssvið leikskóla og auk þess samskipti við foreldra (Menntamálaráðuneytið, 1999). Við mat á leikskólastarfi fer fram víðtæk gagnaöflun um starfið, miðlun þekkingar og upplýsingar um leikskólastarfið. Það er hverjum leikskóla í sjálfsvald sett hvaða aðferðum beitt er við matið og hvernig það er útfært.

Samskipti foreldra og leikskólakennara hafa aðeins verið rannsökuð hér á landi. Í rannsókn Bryndísar Garðarsdóttur og Jónönnu Einarsdóttur (2007) kemur meðal annars fram að algengustu samskipti foreldra og leikskólakennara snúast um líðan barns þar sem daglegt starf, nám og þroski er algengt umræðuefni. Birna María Svanbjörnsdóttir (2007) kannaði viðhorf foreldra til utanaðkomandi stuðnings. Hún velti upp spurningu um hvort foreldrar vildu stuðning og þá með hvaða hætti? Helstu niðurstöður voru að sjötíu prósent foreldra vildu stuðning í foreldrahlutverkinu til að byggja upp sjálfstraust, að efla tilfinningaþroska og styrkja samskiptahætti hjá börnum sínum, ennfremur óskuðu foreldrar eftir stuðningi til að bregðast við eineltismálum. Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir (2008) rannsökuðu þátt ráðgjafar í samstarfi foreldra og leikskólakennara. Niðurstöður rannsóknar þeirra benda til þess að ráðgjöf til foreldra sé verulegur þáttur í starfi leikskólakennara og felist einkum í ráðgjöf um þroska og frávík, aga, almennt uppeldi og umönnun.

2.3.2 Virkni barns og raunveruleg merking

Bandaríski menntunarfræðingurinn Lilian Katz álitur að þegar meta á nám ungra barna ætti „að meta það sem lítur að virkni barns og hefur raunverulega merkingu“. Katz heldur því fram að auk þess að meta félagsfærni ætti heildrænt mat að ná yfir fjóra þætti námsmarkmiða, það er þekkingu, færni, hneigð til náms og tilfinningar (Katz, 1997). Þekkingarmarkmið eru þættir eins og hugmyndir, staðreyndir, hugtök, sögur og söngvar. Ung börn öðlast í fyrstu þekkingu sem tengd er eigin reynslu, síðar byggist upp þekking sem tengist flóknari verkefnum. Færnimarkmið eru afmarkaðir þættir sem lærast á skömmum tíma, dæmi um slíkt er að telja og að klippa. Hneigð er skilgreind sem viðvarandi hugarfar, vani eða tilhneiging til að bregðast við reynslu eða aðstæðum á tiltekinn hátt sem dæmi má nefna seiglu við að leysa erfitt verkefni, forvitni, sköpunarþörf og stjórnsemi. Æskilegir þræðir hneigðar til náms eru forvitni, kímni, göfuglyndi og hjálpsemi. Óæskilegir þræðir eru ágirnd, þrætugirni og kaldlyndi. Tilfinningar er „erfitt að skilgreina nákvæmlega“, eins og Katz orðar það en átt er við huglægt tilfinningalegt ástand eins og að vera viðurkenndur, öryggi og að tilheyra hópi, sjálfstraust og kvíða. Foreldrar og kennarar eru áhugasamir um hvaða tilfinningu barn fær fyrir skólanum sínum eða þeirri reynslu sem það

öðlast þar (Katz og Chard, 1989; Jóhanna Einarsdóttir og Kristín Karlsdóttir 2005).

2.3.3 Árangursríkur námsmaður

Tony Bertram og Cristine Pascal setja fram hugmyndir um einkenni árangursríks námsmanns (e. effective learner) og hljóma þær hugmyndir nokkuð í takt við skoðanir Katz (Bertram og Pascal, 2002). Þau leggja áherslu á að við mat á ungum börnum skuli horfið frá þröngu sjónarhorni um lestur, nám og reiknikunnáttu en í stað þess skerpa sýn á hneigð til náms, félagsfærni og þróun tilfinninga. Þau segja árangursríkan námsmann hafa hæfni til að skoða umheiminn með opnum og gagnrýnum huga í þeim tilgangi að bæta við þekkingu sína og skilning. Þau leggja áherslu á þrjá meginþætti: tilfinningalegt jafnvægi, félagsfærni og sjálfsmynd, og hneigð til náms. Með *tilfinningalegu jafnvægi* eiga þau við að barn hafi innri styrk og vilja og sé fært um að takast á við breytingar. Barn í tilfinningalegu jafnvægi sé í góðum tengslum við eigið umhverfi og búi yfir jákvæðri sjálfsmynd. Það hafi hæfni til að tjá eigin tilfinningar og skilja tilfinningar annarra. Árangursríkur námsmaður með sterka *félagsfærni og gott sjálfsmat* getur myndað tengsl við börn og fullorðna, sýnir samhygd, tekur ábyrgð á eigin hugsunum og verkum og er fær um að taka ákvarðanir og fylgja þeim eftir. Árangursríkur námsmaður sem sýnir *hneigð til náms* er skapandi, forvitinn og áhugasamur einstaklingur, tilbúinn að takast á við hindranir og breytingar. Hann er sjálfstæður, fær um að skipuleggja eigin athafnir og býr yfir innri áhugahvöt (Bertram og Pascal, 2002; Jóhanna Einarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2005).

Samkvæmt lögum um leikskóla er markmið mats og eftirlits að veita upplýsingar, tryggja réttindi barna og stuðla að auknum gæðum. Þá segir í Aðalnámskrá um mat á leikskólastarfi og viðmið fyrir sjálfsmati að það eigi að vera altækt og meta skuli framfarir og líðan barnanna og samvinnu við heimili þeirra. Það skal vera áreiðanlegt, þar með gerðar viðhorfskannanir meðal foreldra og barna og umbótamiðað. Gefnar eru frjálssra hendur um hvaða leiðir á að fara í mati. Viðhorf leikskólakennara til þess hvað skal meta í fari barna og hvaða starfshætti þeir aðhyllast byggja á gildismati og skoðunum hvers og eins. Þeir hafa frjálssar hendur um hvaða aðferðum þeir beita við mat á námi barna.

Katz (1997) talar um fjórar tegundir námsmarkmiða sem hún telur mikilvægt að stefna að í leikskólanámi auk þess að meta félagsfærni og

virgni. Þetta eru markmið sem lúta að þekkingu, færni, tilfinningum og hneigð til náms. Bertram og Pascal (2002) tala um að í stað þess að meta það sem börn eiga að læra og auðvelt er að meta skuli skerpa sýn á hneigð til náms, félagsfærni og þróun tilfinninga. Samkvæmt þessu skal litið á barnið út frá heildarmynd þar sem virgni þess og áhugi er dreginn fram og metinn. Leikskólakennarar þurfa að huga vel að því hvaða hugmyndir þeir hafa um mat á námi ungra barna og hvaða aðferðum þeir beita við matið. Ég tel mikilvægt að mat snúist um virgni, félagslega færni, tilfinningar og hneigð til náms.

3 Aðferðafræði rannsóknarinnar

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir hver markmið rannsóknarinnar voru og hvaða rannsóknarspurningar voru lagðar fyrir, rannsóknar- aðferðum sem beitt var og skilgreiningu hugtaka. Þá verður gerð grein fyrir hvernig að gagnaöflun var staðið, sagt frá vali á þátttakendum og leyfum. Fjallað verður um siðferðileg atriði, réttmæti og trúverðugleika rannsóknarinnar. Að lokum verður fjallað um hvernig úrvinnslu var háttáð.

3.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Þar sem markmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á hvernig og hvers vegna leikskólakennarar færa ferilmöppu, skrá og meta leikskólastarf og til að tengja rannsóknina þeim fræðum sem lögð eru til grundvallar, voru eftirfarandi rannsóknarspurningar settar fram:

Hvaða markmið eru um skráningu, mat og söfnun efnis í ferilmöppu í leikskóla?

Hver er reynsla leikskólakennara af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla?

Til að leita svara við rannsóknarspurningunum var eigindlegum aðferðum beitt. Slíkar aðferðir henta vel þegar skoða á viðfangsefni á dýptina (Bogdan og Biklen, 1992). Með því að skoða hvað var gert og hvernig, var gerð tilraun til að dýpka vitneskju um ferilmöppu í leikskólastarfi og um leið vonast til að það geti komið leikskólakennurum til góða.

3.2 Rannsóknarsnið

Þar sem hér er fjallað um hvaða markmið er um skráningar, mat og söfnun efnis í ferilmöppu og hver reynsla leikskólakennara er af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki, var samanburðar-tilviksrannsókn (e. comparative-case study) valin sem rannsóknarsnið. Í samanburðar-tilviksrannsókn er gagna aflað á fleiri en einum stað og hjá fleiri en einum sérfræðingi (Bogdan og Biklen, 1992; Flick, 2006). Tilviksrannsókn er rannsókn bundin efni, tíma og stað, þar sem gagna er

aflað um ákveðið efni, í tiltekinn tíma og á tilteknum stað (Flick, 2006; Hitchcock og Hughes, 1995).

Helstu takmarkanir tilviksrannsóknar sem rannsóknaraðferðar er að rannsakað er eitt tiltekið tilvik sem gefur vísbendingar um hvernig staðan er í þessu eina tilviki, en segir ekki til um heildina, en þó má vissulega draga ákveðnar ályktanir út frá því. Þá er lítið til þess að úrtak er lítið eða takmarkað við ákveðinn hóp eða viðfangsefni (Hitchcock og Hughes, 1995).

Við framkvæmd rannsóknarinnar var lögð áhersla á að fá heildstæða mynd af hverju og einu tilviki og að skilja rannsóknarefnið út frá sjónarhóli viðmælanda. Jafnframt að bera saman hvað er líkt og ólíkt í lýsingum og túlkunum leikskólakennara á viðfangsefni rannsóknarinnar. Kannað var hvernig ferilmappa nýttist sem matstæki og hvernig skráningar fara fram, ennfremur var reynt að greina hvaða hugmyndir um nám liggja að baki skráningunum og mati.

3.3 Gagnaöflun

Gögnum var safnað með tvennum hætti, annars vegar með viðtölum við leikskólakennara, þar sem viðtöl voru tekin upp á upptökutæki og svo afrituð. Hins vegar með athugun á vettvangi og með því að rýna í ritaðar heimildir í þeim tilgangi að sjá hvernig fjallað er um mat, skráningar og ferilmöppur á heimasíðu og í skólanámskrá leikskólanna.

3.3.1 Viðtöl

Rannsóknarviðtal er samræða þar sem umræðuefnið er ákveðið af rannsakanda, þannig er umræðuefnið fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Í eigindlegu viðtali er leitast við að afla þekkingar og skilnings á reynsluheimi viðmælanda þar sem hann lýsir fyrirbæri eða málefni sem er til rannsóknar (Bogdan og Biklen, 2007; Helga Jónsdóttir, 2003; Kvale, 1996). Viðtöl voru tekin við tíu leikskólakennara. Í viðtölunum var stuðst við ákveðinn viðtalsramma sem þó tók breytingum eftir viðmælendum. Viðtalsramminn var sá grunnur sem unnið var út frá, spurningarnar komu við sögu í öllum viðtölunum þó blæbrigði væru á styrk hverrar fyrir sig (sjá Fylgiskjal 1).

3.3.2 Ritaðar heimildir

Eftirfarandi ritaðar heimildir voru kannaðar: skólanámskrá leikskólanna birt á heimasíðu eða eintak í leikskólanum, viðmiðunarblöð um innihald ferilmöppu, skýrslur um leikskólastarf, ýmiss konar skráningar á vettvangi, heimasíður leikskólanna. Heimasíður voru kannaðar í þeim tilgangi að sjá hvað þar kemur fram um ferilmöppur, mat og skráningar. Skólanámskrá leikskólanna var skoðuð og athugað hvað sagt er um ferilmöppu, mat, skráningar, nám og fræðilega nálgun. Á vettvangi var athugað hvernig skráningar birtust og það borið saman við frásagnir í viðtölum og hugmyndir um nám, mat og skráningar í fræðilega kaflanum. Þá var rýnt í skráningarskýrslur um vetrarstarf, skráningareyðublöð og viðmiðunarblöð um innihald ferilmöppu.

3.3.3 Aðgengi og leyfi

Sótt var skriflega um leyfi til rannsóknarinnar hjá viðkomandi rekstraraðilum, og jafnframt fengið leyfi hjá viðkomandi leikskólastjórum. Með leyfisumsókn var gerð grein fyrir tilgangi rannsóknar og rannsóknaraðferð (sjá Fylgiskjal 2). Þá var trúnaði heitið varðandi meðferð, geymslu og eyðingu gagna að verkefni loknu. Heitið var nafnleyndar gagnvart skólunum, þátttakendum og þess er rannsakandi verður áskynja á vettvangi rannsóknar (sjá Fylgiskjal 3). Til að gæta trúnaðar voru búin til ný nöfn á leikskólana og þátttakendur. Leikskólarnir fengu nöfnin Hvarf, Klettur og Teigur. Leikskólakennararnir í Hvarfi eru Sigurlaug, Elenora og Ásbjörg. Í Kletti starfa Evlalía, Ásdís, María og Rósa. Í Teigi starfa Ingigerður, Svana og Vigdís. Aldur barna á deildum var frá eins til fimm ára. Verkefnið var unnið í einkatölvu og gögnum eytt að lokinni notkun.

3.3.4 Þátttakendur

Þátttakendur voru tíu leikskólakennarar í þremur leikskólum. Val á leikskólunum fór fram með þeim hætti að haft var samband við leikskólaráðgjafa í þremur sveitafélögum á Reykjavíkursvæðinu og spurst fyrir um hvort þeir vissu um leikskóla sem studdust við skráningar í starfi sínu og notuðu ferilmöppur til að halda utan um skráningarnar. Leikskólaráðgjafarnir bentu á nokkra leikskóla sem valið var úr eftir viðtal við leikskólastjóra. Stuðst var við markmiðsúrtak og eftirfarandi viðmið haft í huga við val á þáttökuleikskólum og þátttakendum:

að unnið væri með ferilmöppu á öllum deildum leikskólans

að ólík nálgun væri í vinnslu ferilmöppunnar eftir skólum

Starfsaldur þátttakenda spannaði tvö til tuttugu og átta ár. Í leikskólunum sem urðu fyrir valinu voru átta þátttakendur í deildarstjórastöðu en tveir voru í verkefnastjórastöðu. Þegar litið er til starfsumhverfis þessara kennara þá voru fimm deildir þar sem starfaði einn leikskólakennari, ein deild þar sem störfuðu tveir leikskólakennarar og tvær deildir þar sem störfuðu þrír leikskólakennarar. Með þessum leikskólakennurum starfa ómenntaðir leiðbeinendur, nemar í leikskólafræðum og leiðbeinendur með BA gráður í sálfræði, hagfræði og mannfræði.

3.3.5 Á vettvangi

Gögnum var safnað í júní og júlí 2008. Rannsakandi dvaldi á vettvangi dagsparta og skoðaði skráningar, ferilmöppur og spjallaði við leikskólakennarana, eftir það var tekið formlegt viðtal. Að loknu viðtali fór rannsakandi af vettvangi, skráði niður vangaveltur og minnispunkta, hlustaði á viðtalið og afritaði það. Þá var heimasíða og námskrá skoðuð í þeim tilgangi að sjá hvernig fjallað var um mat, skráningar og ferilmöppur á þeim vettvangi.

3.3.6 Siðferðileg atriði

Að verða rannsakandi er langur ferill. Rannsakandi þarf að skoða sig sem rannsakanda og leitast við að horfa á málefnið með það í huga að forðast að hafa áhrif á viðmælendur til að reyna að tryggja trúverðugleika rannsóknarinnar, nærvera rannsakanda og bakgrunnur hafa áhrif (Bogdan og Biklen, 2007). Þegar reynsluheimur er skoðaður er mikilvægt að geta sett sig í spor þátttakenda, horft frá þeirra sjónarhóli til að reyna að skilja hvað felst í reynslu þeirra. Þá þarf að líta til siðferðilegra atriða er varða afstöðu manna hvers til annars en þar má nefna ábyrgð, sjálfræði, réttindi og skyldur (Páll Skúlason, 1987). Þessi hugtök eru mikilvæg í rannsóknum og er sá er fær leyfi til rannsókna *ábyrgur* gagnvart þátttakendum, fyrir því er fram kemur við rannsókn. *Sjálfræði* vísar til því að þátttakendum sé gefinn kostur á því að taka sjálfstæða ákvörðun um upplýst samþykki og hafi val um að hætta í rannsókn ef þeim býður svo við að horfa (Kvale, 1996). *Réttindi* má skilgreina sem leyfi til

einhvers eða réttmætrar kröfu til þess sama og aðrir. Hér er lítið til þess að rannsakandi hafi rétt til að nota þau gögn sem þátttakandi hefur gengist undir að veita. Þetta getur þó verið álitamál ef þátttakandi tekur ákvörðun um að hætta þátttöku á einhverju stigi (sjá Fylgiskjal 4). Rannsakandi ætti að gera ráð fyrir að skoða viðhorf sín, skyldur og afstöðu til réttar síns ef aðili hættir við þátttöku. *Skyldur* er það sem manni ber að gera og í rannsókn skuldbindur rannsakandi sig gagnvart þátttakendum varðandi meðferð gagna, nafnleynd og eyðingu gagna að verki loknu. Siðferðileg ábyrgð þess sem rannsakar starf annarra er að vanda til allra þátta við gerð rannsókna til að tryggja trúverðugleika hennar (Kvale, 1996) (sjá Fylgiskjal 5).

3.3.7 Réttmæti og áreiðanleiki / trúverðugleiki

Hugtökin réttmæti (e. validity) og áreiðanleiki (e. reliability) hafa ekki sömu merkingu í eigindlegum og megindlegum rannsóknarhefðum. Kvale (1996) fjallar um þessi hugtök í eigindlegum rannsóknum og telur að sé rannsakandi nákvæmur við undirbúning, skráningu upplýsinga og úrvinnslu gagna auki það réttmæti og áreiðanleika niðurstaðna. Í eigindlegum rannsóknum er fremur talað um sannleiksgildi niðurstaðna og hugtökin trúverðugleiki, traust, áreiðanleiki og staðfesta notuð (Kvale, 1996). Til að auka trúverðugleika í eigindlegum rannsóknum er mælt með að nota margprófun (e. triangulation) gagna. Margprófun er að safna gögnum með margvíslegum hætti eða frá mörgum aðilum. Margprófun getur líka verið að fleiri en einn rannsaki sama tilvikið eða þátttökuaðilar lesa yfir niðurstöður til að athuga hvort rétt er eftir haft. Fræðimenn vitna í Denzin, um fjórar mismunandi gerðir margprófana. Ein þeirra er ólíkar heimildir sem Denzin segir vera mun á tíma, svæðum og persónum, þar sem gögnum er safnað sinn hvorn daginn, á ólíkum stöðum og frá ólíkum persónum (Flick, 2006; Hitchcock og Hughes, 1995). Í þessari rannsókn fólst margprófun í að safna gögnum með athugun á vettvangi, með því að rýna í ritadar heimildir og með viðtölum við leikskólakennara á ólíkum tíma og ólíkum stöðum.

3.4 Greining gagna

Við greiningu gagna var byggt á aðferðum Bogdan og Biklen (2007). Byrjað var á að flokka gögnin og kóða eftir efnisþáttum viðtalsrammans. Þá voru þau kóðuð og flokkuð eftir meginþemum sem fram komu við

nákvæma skoðun þeirra. Í fyrsta lagi eftir því hvert markmið er um innihald og efnistöð í ferilmöppu. Í öðru lagi eftir markmiði mats og skoðun leikskólakennara á því hvað mikilvægast er að meta. Í þriðja lagi eftir markmiði um skráningar. Í fjórða lagi hvort notuð eru viðmið og þroskalistar og hvaða tæki eru notuð. Loks kemur svo fram hver reynsla leikskólakennara er af að nota ferilmöppu og hvernig upplýsingar eru notaðar.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr viðtölum og skriflegum gögnum. Fjallað verður um svör við rannsóknarspurningunum: Hvaða markmið eru um skráningu, mat og söfnun efnis í ferilmöppu í leikskóla? Hver er reynsla leikskólakennara af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla?

Byrjað verður á að fjalla um umhverfi hvers leikskóla, hvernig starfsáætlun og dagskipulag mótar eða hefur áhrif á það starf sem unnið er í leikskólanum. Þá verður greint frá markmiðum er birtast í skráðum gögnum og skilgreiningum leikskólakennaranna á markmiðum rannsóknarefnisins og í lokin er stutt samantekt um hvern þátt fyrir sig.

Niðurstöður markmiða ferilmöppu eru því næst greindar í fjóra meginþræði. Fyrst verður greint frá markmiðum um ferilmöppu, innihald hennar og efnistöð. Þá verður greint frá markmiðum um mat og hvað mikilvægast er að meta samkvæmt gögnum rannsóknar. Síðan verður fjallað um markmið skráningar og hvað er skráð. Að lokum verður greint frá hvaða tækni er notuð við skráningar og hver reynslan er af að nota ferilmöppu. Hafa ber í huga að þessar niðurstöður eiga einungis við um vinnslu ferilmöppu hvers leikskóla og segja ekkert til um aðrar mögulegar matsaðferðir leikskólanna.

4.1 Umhverfi leikskólanna

Skipulag og umhverfi leikskólanna þriggja þar sem rannsóknin fór fram er með hefðbundnu sniði. Nokkur munur er á dagskipulagi eftir leikskólum og aldri barna, en dagskipulagið er sniðið að þörfum barna, þroska þeirra og þar með deildum en almennt dagskipulag gildir á hverjum stað fyrir sig. Þegar ég tala um almennt dagskipulag á ég við það að settur er upp tímarammi um hvernig dagurinn og vikan gengur fyrir sig í leikskólanum. Það fer svo eftir aldri barna hvað og hvernig starfið er unnið. Deginum er yfirleitt skipt niður í hópatíma, vinnustund, þemastarf, frjálsan leik, valtíma og útiveru og svo daglega rúttínu þar sem öll börn eru saman svo sem í hvíld, samverustund og matmálstíma.

Hópatími er tími þar sem unnið er með ákveðnum hópi barna að fyrirfram skipulögðu verkefni eða rannsóknarverkefni samkvæmt hugmyndum barna. Þetta getur verið ákveðið þema sem fjallað er um eða

ákveðið verkefni sem börnin eru að rannsaka með hópstjóra sínum. Inntak hópatíma og þemastarfs eru í þessum skilningi svipað. Um er að ræða sams konar starfsemi. Vinnustund er nafn á ákveðnum tíma í dagskipulagi og þar fer fram ákveðin verkefnavinna sem leikskólakennararnir hafa ákveðið að vinna að. Það er mismunandi orðanotkun um þessa starfsemi í leikskólum og virðist fara eftir orðræðu hvers leikskóla fyrir sig. Frjáls leikur eða valtími er ákveðinn tími dags þar sem börnin geta valið sér verkefni að eigin frumkvæði eða samkvæmt fyrirfram skipulögðu kerfi, þetta getur verið sjálfsprottinn leikur eða ákveðin verkefni. Börnin hafa svo ákveðinn tíma til að þróa leik og vinna að þeim verkefnum sem þau hafa valið sér. Ég mun nota hugtakið hópastarf þegar ég fjalla um þennan þátt starfsins. Útivera er sá tími dagsins sem börnum er ætlað að nýta að eigin vali í útiveru og frjálsa hreyfingu í öruggu skjóli garðsins.

Skráningar í ferilmöppu fara fram í hópastarfi. Í leikskólunum Hvarfi og Teigi eru skráningar gerðar í skapandi starfi í hópastarfi en í frjálsum leiktíma barnanna eru gerðar samskipta- og leikskráningar. Skráningar fara enn fremur fram í matmálstímum, þá eru það upptaka á upptökutæki. Úrvinnsla skráninga og mat fer fram strax að loknu hópastarfi eða í undirbúningstíma leikskólakennaranna. Í leikskólanum Kletti er farið yfir viðmiðunarlista tvisvar til þrisvar á ári eftir aldri barna og skráð hvað barn kann og hvað ekki, listi yngri barna er skoðaður þrisvar og eldri barna tvisvar. Samskipti, vinátta og hegðun eru rædd við börnin í samverustundum og reynt að fá þau til að meta hvað sé viðeigandi í því tilliti.

Í Hvarfi eru hóptímar, valtími og útivist í boði bæði fyrir og eftir hádegi auk þess er leiktími í upphafi og lok dags. Fyrir hádegi er gert ráð fyrir einni og hálfri klukkustund í hópastarf og um einni klukkustund í útiveru og valstund. Eftir hádegi er hins vegar ein klukkustund ætluð í hvorn þátt fyrir sig. Gert er ráð fyrir daglegri útivist hjá öllum börnum. Í Hvarfi er lögð áhersla á umhverfismennt og heilbrigði og unnið samkvæmt könnunaraðferð með eldri börnum og könnunarleik með yngri börnum.

Könnunaraðferð (e. The Project Approach) er námsleið leikskólans Hvarfs, hún byggir á áhugahvöt barnanna og stuðlar að samvinnu og skapandi starfi. Leikskólakennarinn notar opnar spurningar til þess að börnin komi hugmyndum sínum á framfæri. Þessi leið er ákveðið verklag

sem byggir á því að barn og leikskólakennari rannsaka ákveðið viðfangefni í ákveðnum skrefum. Kristín Hildur Ólafsdóttir segir: „Markmiðið með könnun er að djúp athugun eigi sér stað og að viðfangsefnið sé þess virði að vera skoðað.“ Kristín Hildur segir enn fremur: „Flest könnunarverkefni krefjast fjölbreytni í lausnarleit af hálfu barnanna ...“ (Kristín Hildur Ólafsdóttir, 2005).

Samkvæmt skilgreiningu Ástu Birnu Stefánsdóttur, Hildar Skarphéðinsdóttur og Huldu Bjarkar Valgarðsdóttur er könnunarleikur leikaðferð fyrir yngstu börnin í leikskólanum sem Elinor Goldschmied (1994) uppeldisfræðingur í Bretlandi hefur útfært. Könnunarleikur er þýðing á hugtakinu „*heuristic play with objects*“. Gríska orðið *eurisko* sem *heuristic* er dregið af merkir „að uppgötva eða ná skilningi“. Í stuttu máli þá felst könnunarleikur í að bjóða hópi barna aðgang að miklum fjölda ólíkra hluta sem þau leika sér með án afskipta en undir eftirliti fullorðinna í stuttan tíma 15–60 mínútur á skipulögðu og afmörkuðu svæði. Eins og nafnið bendir til kanna börnin möguleika hlutanna upp á eigin spýtur enda vísar orðið „*heuristic*“ til leitar og einhvers sem getur leitt einstakling áfram til aukinnar þekkingar (Ásta Birna Stefánsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hulda Björk Valgarðsdóttir, 2004–2005).

Í Kletti er formlegt skólastarf skilgreint frá klukkan níu til fjögur. Tími þess utan er skilgreindur sem rólegur leiktími. Innan skilgreinda skólastarfsins er deginum skipt upp í vinnustundir, hópastarf og útivist. Fyrir hádegi er það rúmlega ein og hálf klukkustund og eftir hádegi er það örlítið lengri tími. Í leikskólanum er lögð mikil áhersla á málrækt og tjáningu, hreyfingu og tónlist. Til grundvallar starfi leikskólans liggja kenningar Daniel Goldman’s um tilfinningagreind, kenning Howard Gardner’s um fjölgreindir og hugmyndafræði Edgar Willems’ um heimspekilega sýn á tónlist. Í leikskólanum eru ákveðnir áhersluþættir eða markmið, eitt eða fleiri, sem unnið er sérstaklega með í lengri eða skemmri tíma. Þessir áhersluþættir eru oftast hluti af ársáætlun leikskólans.

Tilfinningagreind (e. emotional intelligence) er samkvæmt Goleman (1995/2000) geta til að þekkja og skilja eigin tilfinningar og annarra ásamt getu til að hvetja sjálfan sig og stjórna eigin tilfinningum og samskiptum við annað fólk. Goleman sýnir fram á það í bókum sínum að tilfinningagreind og innsæi eru mikilvægari en flest annað til að ná árangri í lífi og starfi (Goleman 1995/2000).

Fjölgreindakenning (e. multiple intelligences) Howard Gardner's fjallar um hæfileika manna. Kjarninn í fjölgreindakenningunni er að meta megi hæfileika mannsins út frá mörgum sviðum. Sérhver er sterkur á einhverju sviði og lærir best í gegnum sína sterkustu greind. Greindir Howards Gardner eru málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, hreyfigreind, tónlistargreind, sjálfsþekkingar- eða tilfinningagreind, samskiptagreind og umhverfisgreind (Armstrong, 2000/2001).

Edgar Willems (1890–1978) byggir hugmyndir sínar um tónlistaruppeldi á heimspekilegri sýn á tónlist þar sem mikilvægi rythma og samhljóms er lagt til grundvallar tónlistaruppeldi barnanna. Willems taldi að manningnum væri tónlistin ásköpuð en hana þyrfti að rækta og þjálf. Tónlist gerir manningnum kleift að tjá allar tilfinningar sínar frá dýpsta harmi til æðstu hamingju. Áhersla er á virkni barns til að túlka, greina og skapa tónlist og að sérhver einstaklingur fái notið tónlistar með tilliti til aldurs og þroska (Jóhanna Thorsteinson, 1995; Sigríður Pálmadóttir, 2006).

Í Teigi er hópavinna, þemastarf, útivera og val hjá börnunum fyrir hádegi í tæpar þrjár klukkustundir. Eftir hádegi er gert ráð fyrir útiveru í um eina og hálf klukkustund og síðan frjálsum leik eftir klukkan hálf fjögur. Auk dagskipulagsins setur vikan ákveðið form á starfseminu, það er vikan hefur fastan hrinjanda dag frá degi eins og hver dagur frá klukkustund til klukkustundar. Í Teigi er leitast við að hafa „uppeldisstefnu“ það er þá sýn á barn og nám sem einkenna leikskólustarf í Reggio Emilia sem leiðarljós til að ná settu marki auk þess er starf mótað með íslenskar aðstæður og umhverfi í huga. Unnið er samkvæmt aðferðum leikskólanna í Reggio Emilia í öllum aldurshópum.

Í starfi leikskólanna í Reggio Emilia er rauði þráðurinn rannsakandi leikskólustarf, virk hlustun og að nám fer fram í menningarlegu samhengi í samvinnu foreldra, barna og leikskólakennara. Þá er horft til styrks og virkni hvers einstaklings, lýðræðis, óvenjulegra hæfileika og fjölbreyttra tjáningaleiða. Starf leikskólanna er gert sýnlegt og stutt við það með skráningum. Skráning er aðferð til gagnaöflunar og tæki til að skoða og ígrunda það sem gerst hefur (Rinaldi, 2005a).

Við samanburð á starfi leikskólanna kemur í ljós nokkur munur á hugmyndafræðilegri nálgun í starfinu. Í leikskólunum Teigi og Hvarfi er svipuð nálgun í hópastarfi, könnunaraðferðinni og hugmyndir um rannsakandi leikskólustarf samkvæmt aðferðum leikskólustarfs í Reggio

Emilia svipar saman. Í leikskólanum Kletti er mikil áhersla lögð á málrækt og tjáningu, hreyfingu og tónlist. Þá kemur fram ólík niðurröðun á tíma í hópastarfi, það er að lengri samfelldur tími er ætlaður í skapandi starf/hópastarfi í leikskólanum Teigi en kemur fram í dagskipulagi hinna leikskólanna. Langur samfelldur tími í hópastarfi eða leik gerir það að verkum að börnin verða ekki fyrir sífelldri truflun á vinnu sinni eins og gerist þegar stuttur tími er ætlaður hverju verkefni. Þegar tíma barna er varið á þennan hátt fá börnin tækifæri í ró og næði til að velta vöngum og skoða vinnu sína frá mörgum sjónarhornum og þróa leik sinn í ýmsar áttir.

4.2 Skilgreiningar viðmælenda á markmiðum

Í rannsókninni ræddi ég við tíu viðmælendur og þeir skilgreindu markmið um ferilmöppu, um innihald og efnistöð ferilmöppu, um mat og hvað mikilvægast er að meta, um skráningu, hvað er skráð, hvaða tækni er notuð og hver reynsla er af að nota ferilmöppu í leikskóla. Hér verður greint frá skilgreiningu viðmælenda og hvað kemur fram í skráðum gögnum. Fyrst verður greint frá niðurstöðum úr viðtölum þá verður greint frá sérstöðu og innihaldi í skráðum gögnum hvers leikskóla og að lokum gerð samantekt á niðurstöðum allra leikskólanna.

4.2.1 Markmið um ferilmöppu

Þegar rætt var um hvert markmiðið væri með notkun ferilmöppu í leikskóla töluðu leikskólakennararnir í Hvarfi um að meta nám og skilning, myndsköpun og hreyfifærni, líðan, framfarir og samskipti. Í leikskólanum Kletti töluðu leikskólakennararnir um að markmiðið væri að geta metið virkni barnsins, hreyfifærni og vitsmunapróska. Í leikskólanum Teigi töluðu leikskólakennararnir um að markmiðið væri að geta metið samskiptafærni, félagslega færni, styrk og hæfni einstaklingsins, hvar barn er stött og hvernig haldið er áfram.

Í gögnum *Hvarfs* kemur fram að með því að nota ferilmöppu telja starfsmenn leikskólans sig koma til móts við kröfur um sýnilegt mat á árangri leikskólastarfs. Með því að safna gögnum um barn er hægt að fylgjast með framförum þess og þroska, þar segir: „*Þessi leið hentar vel til að byggja á getu og áhuga barnsins frekar en ákveða fyrirfram hvað hvert barn á að gera og geta*“.

Í gögnum leikskólans *Kletts* um ferilmöppur kemur fram að aðalmarkmið foreldrasamstarfs er að stuðla að vellíðan og öryggi barna og leitast er við að efla mögulegan árangur barns í leikskólanámi sínu. Auk þess vilja starfsmenn efla þekkingu foreldra á þroskaferli barns og grundvallaratriðum í uppeldisfræði. Þar er því lögð áhersla á gott upplýsingaflæði til foreldra um líðan og framfarir barns, um leikskóla-starfið og að veita ráðgjöf til foreldra um uppeldi, vöxt og þroska barna. Það kemur ennfremur fram í gögnum að forsenda vellíðunar sé traust. Mikil áhersla er á gagnkvæmt upplýsingaflæði milli heimilis og leikskóla og fræðslu um uppeldismál eins og hægt er hverju sinni.

Í gögnum *Teigs* kemur fram að tilgangur [*markmið*] ferilmöppu sé meðal annars að geta farið í gegnum upprifjun og umræðu með börnunum, að gera starfið sýnilegt, að þróa hugmyndir, að varpa ljósi á uppeldisstarfið og að gera foreldrum kleift að fylgjast með því sem verið er að fást við í máli og myndum.

Tilgangur með gerð ferilmöppu er samkvæmt þessu að gera starfið sýnilegt og að efla upplýsingaflæði milli leikskóla og aðstandenda barns. Megináhersla er á að gera foreldrum kleift að sjá og kynnast starfi leikskólans, fylgjast með getu, áhuga og árangri í námi barna sinna. Þá gerir ferilmappan starfsmönnum og börnum auðveldara að skoða og rifja upp það starf sem farið hefur fram. Hún opnar leið til að þróa hugmyndir barna, varpar ljósi á uppeldisstarfið og auðveldar foreldrum að fylgjast með því sem verið er að fást við í máli og myndum. Í leikskólanum *Kletti* vilja starfsmenn veita ráðgjöf um uppeldi, vöxt og þroska barna eins og kostur er hverju sinni.

4.2.2 Markmið um innihald og efnistöð

Markmið um innihald í ferilmöppu snúa að barninu sem einstaklingi, stöðu þess og þroska að mati flestra leikskólakennaranna. Skráningar sem gerðar eru skila leikskólakennurunum vitneskju um þroska og framfarir, áhuga og upplifun barns. Ólíkar áherslur og aðferðir eru notaðar eftir leikskólum. Allir viðmælendur vilja vera meðvitaðir um barnið og vilja geta veitt viðeigandi upplýsingar þeim er málið varðar.

Í leikskólanum *Hvarfi* hefur ferilmappa verið í mótun um nokkurt skeið og notaður er viðmiðunarlisti (sjá 4.3 *Hvað er skráð?* bls. 57) um innihald og efnistöð möppunnar. Auk þess fara skráningar úr þemastarfi könnunaraðferðar og skráningar úr könnunarleiknum í möppuna.

Skráningar samkvæmt könnunaraðferð eru augljós merki um hvernig barnið vinnur, hvernig það þælir og uppgötvar og hvernig skilningur verður til. Skráning í könnunarleiknum er einkum samskiptaskráning, en þá er fylgst með börnum í leik og skráð hvernig samskipti þau eiga hvert við annað. Valin eru myndverk barns og barn getur valið myndverk sem það hefur gert og ljósmyndir sem teknar hafa verið af því eða eitthvað sem því finnst merkilegt eða fallett. Viðmiðunarlisti var í upphafi settur saman bæði til að styðja það að öll börn hefðu svipað efni í möppum sínum og til að styðja starfsfólk við vinnslu möppunnar en starfsfólk hefur mismikla menntun og mislangan starfsaldur. Hópstjórar halda utan um möppu hvers barns í sínum hóp. Í Hvarfi hefur um nokkurra ára skeið verið safnað saman sýnishornum af verkum barns í sérstaka bók. Ásbjörg sagði:

En áður en ferilmappan kom þá vorum við alltaf með svona bók sem við söfnuðum verkum barnsins í, sýnishornum af aðferðum ... það var bók gerð úr endurunnum pappír voða flott bók sko ... þannig að þetta er bara svona þróun finnst mér.

Í vettvangsnótum mínum kom fram að í óformlegu spjalli við leikskólastjóra sagði hún: „... en þetta er svona í dag það getur breyst eftir hálfan mánuð vegna þess að þú varst hér og komst með nýja sýn á málið.“ Samkvæmt þessu er ferilmappa í sífelldri þróun.

Í leikskólanum *Kletti* hefur ferilmappa verið í notkun í nokkurn tíma. Þar er notaður mjög þroskatengdur viðmiðunarlisti (sjá 4.3 *Hvað er skráð?* bls. 58) þar sem spurt er um alls konar þekkingar- og færniatriði sem merkt er við með stuttu svari, listinn ræður efnistöfum það er hann ræður hvaða efni er sett inn í ferilmöppuna. Myndverk sem fer inn í ferilmöppuna er sjálfsmynd sem barn teiknar einu sinni á ári alla leikskóladvölina. Evlalía sagði um markmið innihalds:

Markmiðið er að afla upplýsinga um stöðu barnsins, við skráum getu þess og þroska, þannig að við sjáum framfarir þess og annað þetta eru upplýsingar sem við gefum foreldrum í foreldraviðtölum.

Ásdís sagði:

Markmiðið er að muna vitneskjuna, muna það sem gerðist, líka bara til að sjá þróun barnsins stig af stigi, til þess að geta skoðað og flett.

Þegar spurt var um þátttöku barna á vali efnis í ferilmöppu sagði Evlalía:

...þú kveikir alveg á hugmynd með þessari spurningu það erum bara við sem hérna veljum eða ákveðum hvað fer í möppuna, börnin hafa ekkert um það að segja en mér finnst þetta flott hugmynd... .

Í gögnum leikskólans *Teigs* kemur fram að starfsmenn setja sér það markmið að koma á fót einstaklingsmiðuðu námi og að halda utan um skráningar og verk barnanna í ferilmöppu. Þar er verið að þróa vinnslu á ferilmöppu þannig að hún sýni hvernig barnið þroskast og hvað það upplifir og hvernig það vinnur úr reynslu sinni. Svana sagði:

Nú er markmiðið alltaf að skýrast með ferilmöppurnar, þetta verður æ ljósara í hugum okkar hvað við viljum hafa og hvernig við viljum gera þetta.

Tilgangur þess að safna efni er að geta rifjað upp og rætt við börnin um starf þeirra, að geta þróað hugmyndir, að gera starfið sýnilegt og að varpa ljósi á uppeldisstarfið. Ennfremur að búa til leið fyrir foreldra til að fylgjast með því sem er að gerast í máli og myndum. Ingigerður sagði um ferilmöppu:

Markmið bara eins og að gera leikskólastarf sýnilegt, að átta sig á hvernig börn læra.

Hún sagði um efnistösk og innihald:

Það ræðst bara af þróun verkefnis, myndir og teikningar sem sýna eitthvað og mikil vinna hefur verið lögð í, því söfnum við saman eins og til dæmis samræður sem sýna að einhver þróun er í gangi, barnið er að spjalla þegar það öðlast nýja vitneskju ... eitthvað sem þróar verkefnið áfram, það fer inni möppuna.

Svana sagði:

Við erum einmitt að rökræða hvað á að fara inn í möppuna, það sem búið er að ákveða, það eru alls konar skráningar af barni, úti, inni, í leik, í myndlist, í samskiptum við önnur börn og ef barn er að uppgötva eitthvað. Alls konar skráningar sem sýna hvernig barn hugsar, hvernig það er í samskiptum, ljósmyndir sem eru lýsandi fyrir barnið og auðvitað tilraunir til að skrifa hvort sem það er læsilegt eða ekki.

Börnin hafa ekki verið þátttakendur í að velja efni í ferilmöppuna í Teigi. Leikskólakennararnir vilja gjarnan að börnin séu meiri þátttakendur í að ákveða innihald, en hingað til hefur mappan verið í „algjörlega glataðri útfærslu“ eins og Svana orðaði það.

Samkvæmt skilgreiningu leikskólakennaranna virðast þeir stefna að því að geta lesið þroska og framfarir barns út úr þeim skráningum sem fara inn í ferilmöppu. Í skráningunum speglast ólíkar áherslur um innihald ferilmöppu. Leikskólarnir Hvarf og Klettur nota ólíka viðmiðunarlista um efni möppunnar og sá fyrrnefndi vinnur líka með skráningar könnunaraðferðar. Í leikskólanum Teigi er lögð megináhersla á að koma á fót einstaklingsmiðuðu námi og halda utan um skráningar með ferilmöppu. Með skráningum vilja starfsmenn leikskólans geta rifjað upp og rætt við börnin um starf þeirra. Þeir vilja enn fremur geta þróað hugmyndir, varpað ljósi á uppeldisstarfið og opnað leiðir fyrir foreldra að starfinu. Í Hvarfi hafa börnin verið þátttakendur í vali á efni möppunnar en í Teigi hafa börnin ekki getað verið með í vali sökum óhentugar útfærslu möppunnar. Í leikskólunum Teigi og Hvarfi eru vangaveltur um hvernig best er að útfæra skráningar og þróa möppuna þannig að hún sýni hvernig barnið þroskast, hvað það upplifir og hvernig það vinnur úr reynslu sinni. Í leikskólanum Kletti er hins vegar mjög fast form á því hvernig skráningar eru gerðar og hvernig mappan er unnin. Við spurningu mína um hverjir velja efni í ferilmöppuna, kviknaði óvænt hugmynd um að börnin gætu hugsanlega verið þátttakendur í vali á verkum sem fara inn í möppuna.

4.2.3 Markmið um mat og hvað er mikilvægast að meta

Þegar rætt var í viðtölunum um hvaða markmið væru um mat og hvað væri mikilvægast að meta kom fram að nær allir leikskólakennararnir lögðu megináherslu á þætti er varða barnið sjálft, líðan þess, félagslega færni, samskipti, virkni og framfarir. Þá kom fram í máli flestra að mikilvægast væri að meta líðan. Nokkrir viðmælenda nefndu þroska barns, nám þess og skilning næst á eftir líðan sem mikilvæga matsþætti og aðrir lögðu áherslu á styrk og hæfni einstaklingsins. Fleiri atríði komu til umræðu um það sem mikilvægt væri að meta og hljóma þau við líðan og félagslega færni svo sem vinskapur, samvinna, sjálfshjálp og sjálfsþekking.

Leikskólinn Hvarf

Í gögnum leikskólans Hvarfs kemur fram varðandi „markmið um mat“ að starfsmenn telja að með því að safna gögnum og ígrunda þau sé hægt að meta hvernig barninu gengur og hversu vel leikskólastarfið mætir þörfum þess. Tilgangur gagnasöfnunar er að skapa umræðugrundvöll sem foreldrar og starfsmenn leikskólans geta nýtt til að meta saman hvaða þætti á að leggja áherslu á til að styðja barnið. Þá segir að forsenda einstaklingsmiðaðs náms sé þekking leikskólakennarans á hverju og einu barni. Talið er mikilvægt að barnið öðlist trú á eigin getu og það er talið gerast ef barn fær verkefni við hæfi og því er mætt á þeim stað sem það er stött hverju sinni og síðan fylgt áfram þaðan. Hópstjórar meta samvinnu, öryggi og festu, áhuga, þátttöku, tjáningu og vinskapur ásamt því hvernig gekk að kynnast hópnum. Í Hvarfi er einnig lögð áhersla á að barnið sjálft geti haft áhrif á leikskólastarfið eða eins og þeir orða það „*að rödd barnsins heyrist*“. Starfsmenn líta svo á að árangur af starfi leikskólans komi í ljós þegar barnið sýnir að það trúir á eigin getu og að það beri virðingu fyrir öðru fólki og umhverfi sínu.

Í umræðu um hvað leikskólakennurunum finnst mikilvægast að meta tala þeir um að líðan, færni, samskipti, samvinna, nám og skilningur séu mikilvægir þættir. Sigurlaug sagði:

... svo er skilningur á hlutum eins og ef barn hefur í myndsköpun kannski uppgötvað litinn bleikan hvernig hann varð til úr rauðum og hvítum það er líka þetta nám sem hefur átt sér stað, skilningur ekki bara færnin við að mála

myndina, myndin ein og sér segir kannski ekki neitt en skráningin með segir heilmikið.

Ásbjörg sagði um mikilvægi mats:

Mér finnst það bara vera líðan barnsins og framfarir.

Leikskólinn Klettur

Í gögnum leikskólans Kletts kemur fram að rík áhersla er á málrækt, tjáningu, hreyfingu og tónlist. Meginmarkmið eru að rækta með börnum umburðalyndi, sjálfsaga og jákvæð viðhorf til sjálf sín og umhverfis, að efla með þeim skapandi hugsun, fjölbreyttar tjáningaleiðir og að þau njóti samvista með öðrum, að þau búi yfir góðum málskilningi og orðaforða og þjálfist í tónlist með söng og tónlistariðkun. Með þessi markmið í huga telja starfsmenn sig ná að kenna börnum um mikilvægi sérhvers einstaklings. Þeir tala um að með vaxandi hnattvæðingu aukist mikilvægi andlegra gilda. Til staðar eru alltaf sömu frumþarfir hvað sem tæknivæðingu líður, það er þörf fyrir öryggi, snertingu, ást og virðingu. Til grundvallar starfinu eru lagðar kenningar um tilfinningagreind, fjölgreind, vitþroskaþróun barna / svæði mögulegs þroska og heimspekileg sýn á tónlist. Um mat segir: „*það er tvíþætt annars vegar nemenda-miðað mat sem birtist í viðmiðunarlistum hins vegar mat á leikskóla-starfinu*“. Um áherslur í mati sagði Evlalía:

... fyrir utan pensilgripíð skoða ég samskipti barna, hvernig þau tileinka sér og setja sér reglur, hvernig högum við okkur til dæmis í gönguferð og samverustund, ... þannig að ég er að skoða hegðun og samskipti.

Þegar rætt er um hvað leikskólakennurunum finnist mikilvægast að meta þá nefna þær líðan, félagslega færni og námið, auk þeirra þátta sem fram koma á viðmiðunarlistum. Ásdís sagði:

Ég er bara að horfa á hvernig barnið er að koma út í jafningjahópnum, það er eiginlega það sem ég er að horfa á, ég tek barnið sem er ekki að hegða sér, úr aðstæðum um tíma, það þarf að gefa öðrum börnum næði til að þau geti leikið sér, ég set barnið inn aftur og svo allt í einu þá er hegðunin lærd.

Um mikilvægi mats sagði Evlalía:

... mér finnst alltaf mikilvægast að horfa á barnahópin, hvernig samskiptin og félagsfærnin gera sig. Mér finnst það, það er eignlega mikilvægast í mínum augum að ef við leggjum góðan grunn að félagsfærnin og þessari sjálfsprottu gleði ef maður leyfir henni að gerast skilurðu og ef barninu líður vel í barnahópnum þá er hægt að kenna svo margt annað eða örva eða þjálf. Ef barninu líður ekki vel í barnahópnum þá á það erfitt með að læra eða að tileinka sér, ... ég held að þetta jafnvægi sem við þurfum hvort sem við erum ung eða eldri. Jafnvægi á tilfinningum og hvernig okkur líður skiptir miklu máli í námi.

Í framhaldi af ofangreindri tilvitnun ræddi Evlalía um nám og grunnskólahugtök sem hún er ekkert sérstaklega hrifin af í leikskóla-umræðunni. Hún kemst samt að þeirri niðurstöðu að börnin eru líka að nema þó þau séu „að leika sér“ er þau æfa sig í að skrifa stafi. Rósa talaði um að mikilvægast væri að fylgjast með þroska barnsins, hún heldur áfram:

...já við erum að gera skráningu um þroskaþætti, ... líka námið vegna þess að það er mikilvægt að bjóða börnum upp á verkefni miðað við þroska ... það verða að vera verkefni sem standast þeirra kröfur.

Leikskólinn Teigur

Í gögnum leikskólans Teigs kemur fram að megináhersla í starfinu er að skapa umhverfi og aðstæður sem virkja sköpun barna. Það sem felst í því er að barn hafi tækifæri til að tjá og túlka hug og þekkingu á skapandi hátt, að myndlist og tónlist verði virkur hluti daglegs starfs, að starf leikskólans verði mótað miðað við aðstæður og umhverfi, að samhæfa uppeldisstefnu þannig að allt starfsfólk stefni að sama marki auk þess að opna augu foreldra fyrir sköpun og skapandi starfi. Eins og fram hefur komið eru aðferðir leikskólanna í Reggio Emilia leiðarljós í starfinu. Þar er áhersla lögð á könnunarferlið, hvað börnin vilja fræðast um og hvernig þau finna svör við spurningum sínum. Börnin eru studd til að finna svörin með vettvangsferðum, með því að rannsaka og spyrja spurninga. Síðan er

unnið úr þeirri þekkingu á forsendum barnanna. Í þeim tilgangi að meta ferlið og skoða það nota starfsmenn skráningar. Með því að nota skráningar telja starfsmenn sig geta fylgst betur með þeirri þróun sem á sér stað hjá hverju barni og hverjum hópi fyrir sig. Ingigerður sagði:

Við höfum ekki unnið markvisst með skráningar í mati en það er eitt af því sem að við viljum gera og erum að bæta við hjá okkur, foreldrar eru mjög ánægðir. Gaman að sýna þeim skráningarnar, þetta er eins og kíkir inn í leikskólann – kíkir táknaður fyrir foreldrana – þeir eru að fá upplýsingar um svo mikið hvernig barnið þeirra er í leik, hvernig það vinnur með leir og í samræðum við hina.“

Þegar rætt var um hvað mikilvægast væri að meta sagði Ingigerður:

Mér finnst mikilvægast að sýna hvað barnið er að hugsa og pæla, hvernig barnið tjáir sig og er í samskiptum þar er félagsþroskinn og hvernig barnið öðlast þekkingu það getur maður sýnt fram á með því að skrá samræður.

Svana sagði:

Mér finnst náttúrulega líðan barns skipta gríðarlegu máli, ... mér finnst gott að meta samskiptafærni barna. Það er held ég margsannað að það að vera flinkur félagslega skiptir miklu máli fyrir börn í skóla og bara í lífinu.

Vigdís sagði:

Mér finnst þetta allt hanga saman barni sem líður vel það tel ég vera barn sem á auðveldara með að nema. ... Barn í góðu jafnvægi það á auðveldara með að tileinka sér nýjungar og barn sem tjáir sig vel og gengur vel í samskiptum við önnur börn það er barn sem að á kannski meiri möguleika á að efla málþroska sinn og getu. Þetta allt hangir svo mikið saman finnst mér ... ef maður finnur að barni líður illa og það er eitthvað sem háir því, þá er spurningin hvað getum við gert eða hverju getum við breytt til þess að þetta barn finni til öryggis.

Samkvæmt ofanskráðu er mikilvægt að meta líðan, félagslega færni, samskipti og virkni. Það hangir margt á spýtnni ef líðan barns er ekki eðlileg. Jafnvægi, samskiptafærni og félagsleg færni einstaklings skiptir gríðarlega miklu máli fyrir lífið allt. Nokkur áherslumunur er um aðra þætti. Sumir leikskólakennaranna nefndu þroska, nám og skilning en aðrar töluðu um styrk og hæfni einstaklingsins. Þessi munur speglar nokkuð þau grundvallarsjónarmið sem eru um starfsemi hvers leikskóla.

Í leikskólanum Hvarfi er talið að með því að safna gögnum og ígrunda þau sé hægt að meta hvernig barni gengur og hvernig þörfum þess er mætt. Þar líta starfsmenn svo á að árangur starfsins komi í ljós þegar barn sýnir að það trúir á eigin getu og ber virðingu fyrir sér og umhverfi sínu. Í leikskólanum Kletti er megináhersla lögð á sjálfsaga, umburðalyndi og jákvætt viðhorf til umhverfis, skapandi hugsun, fjölbreyttar tjáningaleiðir og góðan málskilning. Auk þess leggja starfsmenn mikla áherslu á líðan, samskipti og félagslega færni. Í Teigi er áhersla lögð á að virkja sköpunarkraft barnsins þannig að það tjái hug og þekkingu á skapandi hátt. Til að meta þetta nota starfsmenn skráningar og telja að með þeim geti þeir fylgst með þeirri þróun sem á sér stað hjá hverju barni og hverjum hópi fyrir sig.

4.2.4 Markmið um skráningu

Markmið um skráningar birtast í viðmiðunarlistum og segja til um hvað skal skrá að sögn viðmælenda í Hvarfi og Kletti. Þessir viðmiðunarlistar eru mjög ólíkir en þó eru listarnir notaðir til að styðja starfsmenn í vinnu við ferilmöppu í báðum leikskólunum. Í Kletti eru skráningarnar mjög þroskamiðaðar en í Hvarfi er auk listans unnið með skráningar samkvæmt könnunaraðferðinni og könnunarleiknum. Í Teigi kemur hins vegar fram að markmið með skráningum er að geta metið og íhugað ferli þess starfs sem börn og starfsmenn vinna að. Það er talið auðveldaða starfsmönnum að fylgjast með þróun sem á sér stað hjá hverju barni og hverjum hópi fyrir sig. Auk þess segjast leikskólakennararnir geta metið faglega þróun sína með skráningunum.

Leikskólinn Hvarf

Í gögnum leikskólans Hvarfs kemur fram að skráningar geri starfsmönnum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barns og þær eru tæki til að upplýsa foreldra um stöðu barns í leikskólanum. Ennfremur að skráningar eru liður í mati og ferli könnunaraðferðar. Sigurlaug sagði:

Ferlið í könnunaraðferðinni er skráð en það kemur ekki fram á viðmiðunarlista um að það eigi að fara inn í ferilmöppuna.

Pegar rætt var um markmið skráningar í Hvarfi kom fram að tilgangur [markmið] skráningar væri að fylgjast með ferli í starfinu, að sýna það sem barn gerir, að nota skráningarnar í foreldraviðtölum, að barnið eignist möppu fyrir sig, þar með minningar um leikskólann og geti flett upp á einum stað sögu sinni í leikskólanum. Markmiðin birtast á viðmiðunarlistum sem tengjast hverju aldursbili fyrir sig. Auk þess geta börn sett inn myndir og verk sem þau velja sjálf.

Leikskólinn Klettur

Í gögnum leikskólans Kletts kemur fram að skráning er liður í nemendamati og það er framkvæmt tvisvar til þrisvar á ári eftir aldri barna. Í viðtölum við leikskólakennarana kom fram að markmið um skráningar er að afla upplýsinga um stöðu barnsins, hver færni þess er á ýmsum sviðum svo sem samskipti og samvinna og á þann hátt að sjá framfarir. Skráningar eru gerðar til að muna vitneskjuna, muna hvað gerðist og til að sjá þróun barnsins stig af stigi og auk þess eru skráningar notaðar sem upplýsingamiðlun til foreldra.

Leikskólinn Teigur

Í gögnum leikskólans Teigs kemur fram að markmið um skráningu er að geta metið og íhugað ferli þess starfs sem börnin vinna að. Skráningar eru taldar auðvelda starfsmönnum að fylgjast með þróun sem á sér stað hjá hverju barni og hverjum hópi fyrir sig. Í umræðu um markmið skráninga koma fram hjá leikskólakennurunum að það sé að hlusta á barnið, reyna að skynja hvað barnið er að pæla og hugsa og bregðast við því. Það er líka að gera starfið sýnilegt, að átta sig á hvernig börn læra og gefa leikskólakennaranum færi á að skoða sjálfan sig, hvernig hann bregst við spurningum barnanna. Skráningar eru mikilvægar fyrir börn, kennara og samfélag. Þá kom fram hjá leikskólakennurunum að þeir setja sér sjálfir markmið og eru jafnframt að þreifa fyrir sér í skráningum. Svana sagði:

Ferilmappan er í þróun en mér finnst skemmtilegast að gera leikskráningar og þar með skoða samskipti barnanna þá átta ég mig betur á hvað þau tala mikið og hvaða hugmyndir þau fá.

Vigdís vill geta horft á einstaklinginn innan hópsins en ekki bara einstakling sem hluta af hópi. Hún velti fyrir sér markmiðinu og sagði:

Mér finnst vanta að við setjum okkur svona ákveðnari stefnu um það sem við ætlum að fá út úr skráningunum, hverju við erum að leita að, þarna finnst mér ég ekki átta mig nógu vel ... þarna er ég í þreifingum með sjálfa mig, mér finnst við þurfa að gefa okkur tíma til að fara yfir skráningar hvert hjá öðru til að átta okkur betur á skráningunum og hvað þær gefa.

Segja má að markmið um skráningar í leikskólunum þremur séu ólík og að þau spegli nokkuð þann starfsgrundvöll sem hver leikskóli byggir á. Í leikskólunum Hvarfi og Kletti birtast markmiðin í ólíkum viðmiðunarlistum en auk þess velja börnin í Hvarfi myndverk og ljósmyndir sem þeim finnst mikilsverð. Í Kletti eru það hins vegar eingöngu starfsmenn sem sjá um að velja efni í möppna. Í leikskólanum Teigi kemur fram að markmiðið er að geta metið og íhugað ferli þess starfs sem börnin vinna. Skráning auðveldar starfsfólki að meta þá þróun sem verður hjá hverju barni. Þar kemur jafnframt fram að leikskólakennarar þurfi að gefa sér tíma til að fara yfir skráningar og ígrunda þær saman til að átta sig betur á þeim og hvað þær gefa.

4.3 Hvað er skráð?

Í umræðu um hvað er skráð kemur fram að leikskólarnir Hvarf og Klettur styðjast við viðmiðunarlista, listinn ræður því miklu um hvað er skráð. Í leikskólanum Teigi eru skráningar samkvæmt aðferðum leikskólanna í Reggio Emilia. Einnig kemur fram að ólíkar áherslur eru um hvað er skráð. Í Teigi ræður áhugi barnanna og ferli í þemavinnu miklu um hvað er skráð hverju sinni en í Kletti ræður viðmiðunarlistinn að mestu hvað er skráð. Í Hvarfi eru auk viðmiðunarlista, skráningar samkvæmt könnunar- aðferð, þar sem ferli er skráð og könnunarleik þar sem gerðar eru leik- og samskiptaskráningar. Þessar vinnuáferðir hafa því líka áhrif á hvað er verið að skrá. Gerðar eru leikskráningar og samskiptaskráningar í leikskólunum Hvarfi og Teigi og í öllum eru samskipti og leikir skoðaðir en ekki endilega skráðir í þeim tilgangi að setja það inn í ferilmöppu.

Í umræðu um hvað er skráð var spurt um tilfinningalega og félagslega þætti. Flestir viðmælenda tjá sig um hversu mikilvægt það er í þróun

barnsins að barni líði vel og að félagsleg færni sé meginatriði í námi og lífinu sjálfu. Viðmælendur í Hvarfi og Teigi telja sig geta lesið tilfinningalega og félagslega þætti út úr skráningum en í leikskólanum Kletti kom fram rík áhersla á mikilvægi þessara þátta þó ekki sé verið að skrá þá sérstaklega fyrir ferilmöppuna. Tilfinningalegir og félagslegir þættir eru taldir afar mikilvægir og þeir eru ræddir í foreldraviðtölum.

Leikskólinn Hvarf

Í leikskólanum Hvarfi er notaður viðmiðunarlisti til að safna efni í ferilmöppuna, þar er jafnframt unnið samkvæmt könnunaraðferð og ferli skráð og könnunarleik þar sem leik- og samskiptaskráningar eru gerðar. Í ferilmöppu Hvarfs á að fara sjálfsmynd teiknuð af barni, teikning af fjölskyldu, teikning af besta vini, saga eftir barnið skráð eftir frásögn þess, sýnishorn af verki barns, annáll ársins, ljósmyndir úr starfi og af ákveðnum tilefnum, formin, stafagerð og hugmyndir barns um framtíðarsýn. Í ferilmöppu barnanna í Hvarfi fara líka skráningar samkvæmt könnunaraðferð og skráningar úr könnunarleik. Börnin geta valið ljósmynd eða verk eftir sig sem þau vilja hafa í ferilmöppunni sinni. Tilgangur viðmiðunarlistanna er að styðja það að öll börn hafi svipað efni í ferilmöppum sínum. Þá er listinn notaður til að draga úr óöryggi starfsmanna um hvað eigi að fara inn í ferilmöppu þar sem starfsmenn hafa mismikla menntun og mislangan starfsaldur.

Í umræðu um tilfinningalega og félagslega þætti kom fram að þeir eru skoðaðir og ræddir í foreldraviðtölum. Sigurlaug sagði að henni finnist mjög mikilvægt að ræða og skrá tilfinningalega þætti, að sjá hvernig börn vinna saman og hvernig félagsþroski þeirra birtist.

Ásbjörg talaði um líðan og hvernig hún kemur í ljós með samskiptaskráningu. Ýmiss konar daglegar skráningar eru gerðar og þær fara upp á vegg til upplýsinga fyrir foreldra. Nokkur dæmi gefa ágæta mynd, leikskráningar í hlutverkaleikjum, samskiptaskráningar í leik barna, ferlið í könnunaraðferðinni, sögur eru skráðar eftir börnunum, hópastarf dagsins er skráð og fer upp á vegg í fataklefa. Samræður eru enn einn þáttur, við matborð koma margs konar umræðuefni upp meðal barnanna sem leikskólakennurum finnst mikilvægt að taka upp og skrá.

Leikskólinn Klettur

Í leikskólanum Kletti nota starfsmenn viðmiðunarlista til að safna efni í ferilmöppuna.

Í ferilmöppuna fara sjálfsmýndir sem barn teiknar í leikskólanum á hverju ári alla leikskólagönguna. Samkvæmt viðmiðunarlista eru atriði eins og fín- og grófhreyfingar, sjálfshjálp og félagsfærni, líkamsvitund, málþroski og læsi, rökhugsun og stærðfræði. Þá er stutt lýsing á sjálfsmýnd barns, orðaforða þess, framsögn, einbeitingu, frumkvæði og hverjir eru leikfélagar þess. Einnig eru listar vegna snemmtækrar íhlutunar, málfarslegrar þróunar og máltjáningar svo og niðurstöður úr Hljóm2 prófinu, en í því er hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólans könnuð.

Leikskólinn Klettur er með þroskatengd viðmið til að skoða þroska barnsins í þeim tilgangi að styðja sérstaklega þá þætti sem barn hefur ekki náð á tilteknum tíma samkvæmt listanum. Það kom fram gagnrýni á þann lista og að þörf væri á að endurskoða hann eða eins og Rósa sagði:

... það mætti alveg líta aftur á þennan lista og jafnvel betrubæta eitthvað, en það er bara þannig að þegar maður er alltaf að vinna flýgur tíminn frá manni ... þetta hafa bara verið sömu stöðluðu listarnir.

Evlalía sagði um hvað er skráð:

... það eru náttúrulega matsblöðin sem eru eiginlega meira svona þroskamiðuð, en sem eru í rauninni bara viðmið þetta er ekki heilagur sannleikur af því við vitum auðvitað að börnin eru misupplögð, barnið getur notað þrjá, fjóra fingur við blýantinn í dag en á morgun er það komið með pensilgripið.

Þegar talað var um félagslega og tilfinningalega þætti sagði Evlalía: „það er ekki verið að skrá þá og meta“, hún leggur samt mikla áherslu á slíka þætti samanber:

Mér finnst alltaf mikilvægast að horfa á barnahópin hvernig samskiptin og félagsfærnin gera sig, finnst það eiginlega mikilvægast í okkar samfélagi ... já ég kom inn á félagsþættina og samskiptin en ekki líðan, jú ég kom inná líðan

Evlalía vinnur markvisst með samskipti og vináttu barna, hún rifjar upp liðna atburði og ræðir við börnin hvað þeim finnst viðeigandi hegðun og reynir að kenna þeim að biðjast fyrirgefningar. Hún leggur áherslu á að kenna þeim að biðjast fyrirgefningar með því að segja „*viltu fyrirgefa mér*“ hún orðar framhaldið svona:

... og sá sem hefur orðið undir í baráttunni hann getur sagt já eða nei og stundum segjum við nei og maður verður að taka því, svo kannski leiðum við talið að atvikinu svolítið seinna ... og þetta er að takast mér finnst það svo dásamlegt.

María sagði um félagslega og tilfinningalega þætti: „*já en þeir eru ekki endilega settir í ferlimöppuna*.“ Félagslegir og tilfinningalegir þættir fara ekki í ferilmöppuna í Kletti en eru skoðaðir og metnir eigi að síður.

Í leikskólanum Kletti er fylgst með daglegum athöfnum til að greina hvernig barnið stendur sig miðað við atriði á viðmiðunarlista og það fært inn sem við á. Þar eru auk þess skráð almenn atriði sem fara upp á vegg fyrir foreldra að fylgjast með eins og hvernig barn borðar og hvílist. Samræður og skemmtileg atvik eru skráð, þátttaka og hegðun, málörvun, líðan barns og heilsufar. Auk þess er hæð barna mæld og þau vigtuð. Ýmiss konar aðrir þættir eru skráðir og geymdir.

Leikskólinn Teigur

Í leikskólanum Teigi eru skráningar gerðar í þemastarfi þar sem ferli starfsins er skráð. Leikskólakennararnir þar leggja áherslu á að þær vinna út frá hæfni einstaklingsins og leita eftir styrk barnsins. Með skráningunum leitast þær við að sýna jákvætt viðhorf og styrk barnsins. Gögn skólans vitna um að skráning er stór þáttur í vinnu með skapandi starf sem skilar starfsfólki vitneskju um áhuga og upplifun barnsins. Þegar vinnuferli er lokið er skráningin skoðuð og leitast við að meta hvernig gekk, hvað tókst vel og hvað mætti betur fara. Allt þemastarf er skráð og varðveitt í ferilmöppum sem auk þess geyma ljósmyndir, helstu verkefni barnanna, markmið verkefnisins og vitneskju um hvað börnin lærðu. Hvert barn fær svo sína eigin ferilmöppu um þemaverkefnið.

Í leikskólanum hefur fyrst og fremst verið unnið með þemastarf og skráningar í listsköpun. Leikskólakennarar fylgjast grannt með athöfnum barnanna og ígrunda hvað er að gerast, hugmynd að þemastarfi getur kviknað hvar sem er í leik, sögustund eða tónlist. Það er verið að skrá

ferilinn mjög mikið, hvað börnin segja, hvað þau gera, lýsingar á vinnu þeirra, atvik og hugmyndir barna, fylgst er með í félagslegum leik, samtölum barnanna og hvernig samskipti þeirra eru. Lítið er eftir því sem er jákvætt og gott í fari barnsins, ekki einhverju sem barnið þarf að æfa sig sérstaklega í, til að ná ákveðinni færni eins og að klippa eða slíkt. Eitt dæmi um skráningu er að leikskólakennari elti barn um allt útileiksvæðið og talaði inn í upptökutæki og var að reyna að átta sig á hvernig barnið hegðaði sér í garðinum, hvernig það nýtti sér svæðið og hvernig samskiptin voru við önnur börn. Þessi viðmælandi talaði líka um að maður þurfi að vera meðvitaður um hvernig maður ætlar að nýta sér skráningarnar, „...það er ekki nóg að skrá og skrá það verður að vera tilgangur með skráningunni.“

Þegar félagslegir og tilfinningalegir þættir voru ræddir sagði Ingigerður:

Já já við skoðum félagslega þætti ... maður sér nýja hluti þegar maður skráir, það er líka mikilvægt að maður sé ekki bara einn að skrá og líka að aðrir lesi skráningar manns, maður er dálítið svona í dómarasæti, þannig að það er dálítið mikilvægt að tveir skrái og það sé spjallað um skráningarnar.

Við nánari umræður um skráningar kemur fram að barnsins vegna þarf að leggja áherslu á að fleiri en einn skrái og lesi, það þarf að fá annarra sýn á viðfangsefnið, við það að tveir lesi skráningar ígrundar leikskólakennari eigin afstöðu. Ingigerður telur mikilvægt að skráningar séu yfirfarnar af samstarfshópi í þeim tilgangi að ræða þær og ígrunda og taka ákvarðanir um mat og starfið í framhaldi af því. Þegar hún er spurð um hvaða tími sé til þess að ræða skráningar er svarið: „það er bara ... uhuu ... á hlaupum, það er alltof lítið.“

Eins og hér hefur komið fram er tilgangur skráningar ólíkur eftir leikskólum þó að þeim svipi líka saman. Leikskólarnir Hvarf og Klettur nota viðmiðunarlista með ólíkum hætti og tilgangi. Í Hvarfi er verið að þróa skráningu samkvæmt könnunaraðferð en í leikskólanum Teigi hefur um nokkurt skeið verið unnið með skráningar samkvæmt aðferð leikskólanna í Reggio Emilia. Í Teigi ræður áhugi barna og ferli í þemavinnu miklu um hvað skráð er en í Kletti stjórnast skráningar af viðmiðunarlistum. Í Hvarfi og Teigi eru gerðar samskiptaskráningar og leikskráningar, tilfinningalegir og félagslegir þættir eru taldir mikilvægir í

öllum leikskólunum en ólík nálgun er við vinnslu þeirra. Alls kyns daglegar skráningar eru gerðar og færðar upp til kynningar fyrir foreldra dags daglega.

4.4 Hvaða tækni er notuð og hver er reynslan af notkun ferilmöppu í leikskóla?

Við skráningar nota leikskólakennarar ýmisskonar tækni. Blað og blýantur er mjög mikið notað og í raun aðaltækin, þá er ljósmyndavél og hljóðupptökutæki líka mikið notað. Myndbandsupptökuvélar hafa hins vegar ekki mjög mikið verið notaðar í þessum leikskólum við skráningar þó eitthvað sé gert af því. Sigurlaug sagði:

Ég nota diktafón meira svona í ferðir af því það er mikil vinna að sitja og skrá á eftir, í hlutverkaleiknum erum við stundum með vídeóvélina en annars sitjum við og skráum það sem börnin segja.

Hún sagðist stundum taka upp sögur barnanna, setja frásögnina inn á disk eða rita það upp á blað og setja inn í ferilmöppuna. Ingigerður sagði um tæknina:

... og stundum þarf maður bara að skoða hvað er ég að fara að skrá, er ég ein eða er annar starfsmaður með mér, ef svo er þá getur annar alveg verið í að skrá, þannig þurfum við að skoða aðstæður hverju sinni hvaða tæki henti best.

Þegar rætt er um reynslu af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki þá er hún almennt jákvæð. Allir leikskólakennararnir sögðu að þeir notuðu innihald ferilmöppunnar til að styðja mál sitt í foreldraviðtölum. Leikskólakennararnir höfðu mislanga reynslu af að nota ferilmöppu en margir sögðu þetta vera ómissandi tæki. Þarna hefur leikskólakennarinn allar nauðsynlegar upplýsingar um barnið og stöðu þess. Elenora sagði:

Mér finnst þetta bara nauðsynlegt tæki ferilmappan, til að sjá þróun bæði í teikningum og þroska. Þarna erum við með nám barnsins frá byrjun, við höldum vel utanum það og

göngum frá öllum gögnum strax og ég veit ekki hvernig ég á að útskýra þetta nánar.

Rósa sagði:

Já reynsla mín er alveg ágæt, mér hefur fundist svolítið mikið að gera mat þrisvar á ári en jú jú það er ágætt og eins og ég segi það minnir mann á.

Í lok leikskóladvalar fara möppurnar heim með börnunum í heilu lagi eða hluti af þeim og eru þar með eign barnanna.

Leikskólinn Hvarf

Í umræðu um notkun ferilmöppunnar í leikskólanum Hvarfi kemur fram að möppurnar eru notaðar til að rifja upp með börnum bæði hvað þau hafa gert og eins hvað þau hafa tekist á við. Þær eru notaðar í foreldraviðtölum og foreldrum sýndar framfarir barna sinna. Sigurlaug sagði:

Foreldrar gleðjast yfir teikningum og myndverkum barna sinna og skráningum sem sýna hvaða framförum börnin hafa náð og foreldrar eru ánægðir að sjá starf barnanna í leikskólanum gegnum ferilmöppuna.

Leikskólakennarar nota möppuna til að fylgjast með ferli barnsins í leikskólanum. Þá er ferilmappan notuð til að skoða starfið og meta og á grundvelli þeirrar athugunar eru meðal annars teknar ákvarðanir um starfið framundan. Einn leikskólakennari sagði: „Við sjáum á skráningum hvað börnin eru spenntust fyrir og hvaða aðferðir virka best.“ Aðgengi barna að ferilmöppunni er gott, þau geta meðhöndlað möppuna sína þegar þeim hentar.

Leikskólinn Klettur

Leikskólakennarar í Kletti nýta ferilmöppuna í foreldraviðtölum og innihald hennar styður mál þeirra varðandi þroska barns. Sjálfsmynd barnsins er skoðuð og rætt hvernig barnið stendur á því sviði. Mappan er ennfremur notuð þegar barn færast milli deilda. Þegar barn hættir fær það sjálfsmyndir sínar með heim og yfirlit um þroska þess yfir

leikskóladvölinu. Aðgengi barna og foreldra að ferilmöppunni er ekkert fyrir en við afhendingu.

Leikskólinn Teigur

Í leikskólanum Teigi er ferilmappan notuð í foreldraviðtölum. Fram kom að leikskólakennarar telja að í gegnum skráningar fái foreldrar upplýsingar um barn sitt, hvernig það er í leik, hvernig það vinnur með leir, hvernig það er í samræðum við önnur börn, hvernig það vinnur í listsköpun og svo framvegis. Mappan verður góð minning um skemmtilegan tíma í leikskóla. Tveir viðmælendur sögðu að þeir hafi fyrir síðasta foreldraviðtal sent foreldra heim með möppuna tveimur dögum fyrir viðtal. Það hafi gefið góða raun, foreldrar voru betur undir viðtal búnir, þeir komu með skemmtilegar athugasemdir og spurningar. Leikskólakennararnir eru á þeirri skoðun að foreldrar fái góða innsýn í starfið með ferilmöppunni. Svana hefur langa reynslu af að nota ferilmöppu í starfi. Hún sagði möppuna vera útgangspunkt í foreldraviðtali. Fram að þessum tíma hefur mappan verið þannig útfærð að börn hafa ekki getað haft aðgang að henni en verið er að þróa útfærsluna og stefnan er að börn geti auðveldlega meðhöndlað hana og tekið þátt í vali efnis.

Hér að ofan kemur fram að blýanturinn og blaðið eru algengust tækin við skráningar fyrir ferilmöppur, þar á eftir kemur ljósmyndavél. Hljóðupptökutæki og vídeómyndavél eru tæki sem krefjast aukins tíma til úrvinnslu en þau koma að mjög góðum notum og þau ná fleiru en auga og eyra.

Samkvæmt ofanskráðu telja allir leikskólakennarar sig hafa góða reynslu af að nota ferilmöppu. Viðmælendur telja innihald ferilmöppunnar vera mikilvægt í foreldraviðtölum og öll gögn varðandi hvert barn vera til staðar og mjög aðgengilegt. Í leikskólanum Hvarfi eru möppurnar notaðar til að rifja upp með börnunum hvað þau hafa tekist á við. Þau hafa greiðan aðgang að möppunum. Þá er ferilmappan notuð til að skoða starfið í leikskólanum og meta hvernig það hefur gengið. Í leikskólanum Kletti er mappan notuð þegar barn færir milli deilda og verður þar eins konar upplýsingabrunnur um barnið. Ekkert aðgengi er að möppunni fyrir en við afhendingu. Í leikskólanum Teigi eru viðmælendur á þeirri skoðun að með ferilmöppunni fái foreldrar góða innsýn í starfið í leikskólanum. Ferilmappan verði eins konar gleraugu foreldranna á starf barnsins í leikskólanum.

5 Umræða

Hér verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og settar í fræðilegt samhengi. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvaða aðferðum leikskólakennarar beita við skráningu og mat á líðan og færni barns í leikskóla er þeir útbúa eða hanna ferilmöppu barnsins.

Rannsóknarspurningar voru: Hvaða markmið eru um skráningar, mat og söfnun efnis í ferilmöppu í leikskóla? Hver er reynsla leikskólakennara af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla?

5.1 Markmið, áherslur og þemu

Umræðukaflanum er skipt niður eftir þeim þemum sem fram komu við greiningu og úrvinnslu gagna. Leitast er við að fjalla fyrst um þá sameiginlegu þræði sem birtast í gögnum frá öllum leikskólunum og síðan það sem er sérstakt eða einstakt í hverjum leikskóla fyrir sig.

5.1.1 Áhersla á að gera starfið sýnilegt

Eitt markmið leikskólanna um ferilmöppu er að gera leikskólastarfið sýnilegt og að efla upplýsingaflæði milli leikskóla og aðstandenda barns, það er að foreldrar eigi greiðari leið að áreiðanlegum upplýsingum um leikskólastarfið. Ólíkar áherslur um innihald ferilmöppunnar endurspeglar þær áherslur í starfi og hugmyndir um nám sem að baki skráningunum standa. Innihald möppunnar er leið fyrir foreldra til að kynnst leikskólastarfinu og þegar börnin ræða um veru sína í leikskólanum við foreldrana styður innihald möppunnar mál þeirra. Segja má að með ferilmöppunni uppfylli leikskólarnir ákvæði í lögum (Lög um leikskóla, nr. 90/2008) og Aðalnámskrá leikskóla (1999). Lögin kveða á um samstarf foreldra og starfsfólks með velferð barna að markmiði og í Aðalnámskrá er lögð áhersla á mikilvægi þess að náð samband og gott traust skapist milli heimilis barns og leikskóla þess.

Í leikskólanum Hvarfi er ferilmappan aðgengileg börnum og auðveldar það leikskólakennurum, börnum og foreldrum að rifja upp og ræða um starf og upplifun barnanna. Leikskólinn Teigur segir tilgang ferilmöppu vera að geta farið í gegnum upprifjun og umræður með börnunum, að þróa hugmyndir og gera starfið sýnilegt. Þar er verið að vinna í

að gera ferilmöppuna aðgengilega börnum og foreldrum með það í huga að hún nýtist til að rifja upp og ræða starfið með börnunum og foreldrum þeirra. Það er í samræmi við skoðanir Katz (1998) en hún leggur áherslu á að með skráningum verði foreldrar meðvitaðir um reynslu barnsins í leikskólanum. Báðir þessir leikskólar starfa í anda hugmynda Rinaldi (2005a, 2005b) um áherslu á að með barni þróist hæfni til að meta og þróa hugmyndir og deila þeim með öðrum.

Leikskólinn Klettur leggur hins vegar áherslu á að efla þekkingu foreldra á þroskaferli barns og grundvallaratriðum í uppeldisfræði. Þar er því lögð áherslu á gott upplýsingaflæði um líðan og framfarir barns, um leikskólastarf og að veita ráðgjöf til foreldra um uppeldi, vöxt og þroska barna. Þetta sjónarmið að efla þekkingu á þroskaferli og uppeldisfræði ásamt því að veita ráðgjöf um uppeldi, vöxt og þroska er í samræmi við niðurstöður rannsókna um samskipti foreldra og leikskólakennara (Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007; Birna M. Svanbjörnsdóttir, 2007; Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karlsdóttir, 2008). Í leikskólanum Kletti er ferilmappan ekki aðgengileg börnum á meðan á dvöl þeirra stendur.

Hér kemur fram að leikskólinn Klettur hefur ferilmöppuna ekki aðgegnilega foreldrum og má spyrja sig hver ástæðan er? Varðar innihald möppunnar ekki málefni barns sem foreldrar eiga fullan rétt á vitneskju um? Hún gæti innihaldið viðkvæmar upplýsingar. Fræðimenn leggja áherslu á að mappan opni gátt inn í leikskólann og hún sé notuð til umræðu og mats (Carr 2001; Gronlund og Engel 2001; Rinaldi 1998). Mappan verður þá væntanlega að vera aðgengileg foreldrum, börnum og leikskólakennurum. Foreldrar og leikskólakennarar eru áhugasamir um hvaða tilfinningu barn fær fyrir leikskólanum sínum (Katz og Chard, 1998). Með því að skapa tengsl og sýnileika milli heimilis og leikskóla, sem ferilmappan gerir geta foreldrar og leikskólakennarar stutt hver annan í að efla þroska og vöxt barns. Ég tel mikilvægt að þekkja bakgrunn barnsins heima og heiman, tel það gera mér kleift að styðja barnið í að vinna úr reynslu sinni, einnig að nýta þekkingarheim þess til að leiða það inn á nýjar slóðir. Það styður væntanlega foreldra á sama hátt í að aðstoða barn sitt við að vinna úr reynslu sinni og afla nýrrar reynslu. Mappan ætti því að vera foreldrum aðgengileg án takmarkana.

5.1.2 Áhersla á upplýsingaflæði til foreldra

Í leikskólunum þremur er ferilmappan notuð til undirbúnings foreldra-viðtali og til að efla upplýsingaflæði milli leikskóla og aðstandenda barns. Þá er hún notuð til að meta þroska barns, sem er í samræmi við tilgang og hugmyndir Gronlunds og Engels (2001), Rinaldi (1998) og Carr's (2001) en í hugmyndum þessara fræðimanna eru skráningar í ferilmöppu notaðar í þeim tilgangi að ræða við foreldra um barnið, mögulega framtíðarþróun og til að sýna starf þess. Að sögn leikskólakennaranna miðar efni möppunnar að því að hægt sé að lesa út úr skráningunum hvernig barn þroskast. Allir leikskólakennararnir virðast vilja hafa góða innsýn í hvað barnið gerir og geta veitt nákvæmar upplýsingar.

Í leikskólanum Hvarfi eru skráningar úr könnunaraðferðinni inni í ferilmöppunni og þær eru að sögn leikskólakennaranna augljóst merki um hvernig barnið vinnur, hvernig það þælir og uppgötvar og hvernig skilningur verður til. Tengja má þetta skrifum Rinaldi (1998) um hver ávinningur af skráningu er. Í leikskólanum Teigi er hins vegar markmið um vinnslu ferilmöppunnar að hún sýni hvernig barnið þroskast, hvað það upplifir og hvernig það vinnur úr reynslu sinni. Tilgangurinn er að geta rifjað upp og rætt við börnin um starf þeirra, að geta þróað hugmyndir og varpað ljósi á uppeldisstarfið, það eru einmitt atriði sem Rinaldi (1998) leggur mikla áherslu á varðandi skráningar. Hún segir skráningar styðja börn í að muna, gera þeim samanburð mögulegan og veita þeim tækifæri til að meta sjálf, þá veita skráningar foreldrum tækifæri til að fylgjast með hvað barn aðhefst í leikskólanum.

Í leikskólanum Kletti eru skráningar sem segja til um hver staða barnsins er út frá atriðum á viðmiðunarlista. Þar er geta barns og þroski skráð og lesa má framfarir út úr skráningum. Skráningaraðferðir í leikskólanum Kletti svipar til hugmynda Gronlunds og Engels (2001) þar sem notaður er viðmiðunarlisti sem tengdur er mælikvörðum sem ætlað er mæla þróun og þroska barns frá fæðingu til fimm ára aldurs.

Með ferilmöppunni uppfylla leikskólarnir ákvæði í lögum (nr. 90/2008) og Aðalnámskrá leikskóla (1999). Lögin kveða á um að markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskóla sé meðal annars upplýsingagjöf til foreldra um leikskólastarf, árangur þess og þróun. Í Aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á að upplýsa foreldra um þroska og stöðu barns í leikskólanum sem og um leikskólastarf og upplýsingar skulu vera gagnkvæmar um barnið heima og heiman. Kristín Hildur

Ólafsdóttir (2005) segir: „ferilbækur endurspeglar þroska barnsins og að þær séu samskiptaleið milli starfsfólks og foreldra.“ Ferilmappa virðist góð leið til að styrkja böndin milli barna, leikskólakennara og foreldra.

5.1.3 Áhersla á einstaklingsmiðað nám

Það kemur fram í gögnum í leikskólanum Teigi að leggja skuli áherslu á einstaklingsmiðað nám og halda utanum það með ferilmöppu. Leikskólinn hefur aðferðir leikskólanna í Reggio Emilia sér til halds og trausts í mótun sinni á starfi leikskólans. Um þessar mundir er verið að þróa þar ferilmöppu þannig að hún sýni hvernig barnið þroskast, hvað það upplifir og hvernig það vinnur úr reynslu sinni ennfremur að gera hana aðgengilega foreldrum og börnum. Um mat á leikskólastarfi segir í skólanámskrá Hvarfs að forsenda einstaklingsmiðaðs náms sé þekking leikskólakennarans á hverju og einu barni. Talið er mikilvægt að barn öðlist trú á eigin getu og það gerist ef það fær verkefni við hæfi og því er mætt á þeim stað sem það er stutt hverju sinni og síðan fylgt áfram þaðan. Hópstjórar meta samvinnu, öryggi og festu, áhuga, þátttöku, tjáningu og vinskapa ásamt því hvernig gekk að kynnast hópnum. Í leikskólanum Kletti er talið að með því að rækta með börnunum umburðarlyndi, sjálfsaga, skapandi hugsun og efla fjölbreyttar tjáningaleiðir ásamt góðum málskilningi og orðaforða nái starfsmenn að fræða börnin um mikilvægi sérhvers einstaklings. Túlka má niðurstöður rannsóknarinnar þannig að í leikskólunum þremur sé lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem hvert barn á sína ferilmöppu og hún er notuð í þeim tilgangi að meta stöðu barnsins með foreldrum og taka ákvörðun um hvernig halda skal áfram að styrkja það og efla.

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) kemur fram að foreldrar þurfi að fá upplýsingar um stöðu og líðan barns í leikskólanum. Leikskólakennari skal þá byggja upplýsingar um barnið á þekkingu sinni á færni þess og þroska ásamt skráningum af því í leik og starfi. Líta má á mat í ljósi þeirrar áherslu á hneigð til náms sem fræðimenn fjalla um (Bertram og Pascal, 2002; Carr o.fl., 2005; Katz og Chard, 1989, Katz 1997). Hneigð er nýlegt orð í þessu samhengi og á eftir að skapa sér sess í málinu. Til að meta stöðu og líðan leikskólabarns með óyggjandi hætti er nauðsynlegt að safna skráningum, ígrunda þær og öðlast með því góða yfirsýn um hæfileika þess og líðan. Horfa þarf á barnið heildrænt og vera í góðri samvinnu við foreldra þess.

5.1.4 Áhersla á vellíðan og öryggi

Áhersla á líðan og öryggi barnsins er rauður þráður hjá öllum leikskólakennurunum. Í hugum þeirra á barn að finna jafnvægi, vera sterkt, félagslega öruggt og geta sýnt framfarir í starfi sínu. Leikskólakennararnir leggja áherslu á að reynsla barnsins sé á forsendum þess, það á að geta mótað eigin skilning, sem einstaklingur og í samvinnu við aðra og á þann hátt tekið virkan þátt í sköpun menningar og þekkingar. Samkvæmt síðtímahugmyndum er barnið þátttakandi í samfélaginu, hluti af því og tekur virkan þátt í sköpun menningar og þekkingar. Barnið er jafnframt hluti af fjölskyldu og utan hennar sem sjálfstæður einstaklingur, það á sér áhugamál sem þurfa ekki endilega að falla að áhugamálum foreldranna (Dalberg, Moss og Pence, 1999; Jóhanna Einarsdóttir 2007). Leikskólakennararnir líta á barnið sem einstakling með styrk, vilja og framtak.

5.1.5 Áhersla á rödd barnsins

Rödd barnsins er hluti af skapandi leikskólastarfi, þessa rödd vilja leikskólakennararnir heyra, virða og beina á réttar brautir. Í leikskólanum Kletti skoða leikskólakennarar samskipti barna og hegðun, hvernig tileinka þau og setja sér reglur og hvernig virða þau mörk. Í leikskólanum Teigi er horft til þess að barn í góðu jafnvægi er barn sem á auðvelt með að tileinka sér nýjungar en aftur á móti ef barni líður illa þá verður leikskólakennari að skoða hvað hann getur gert til að breyta þeirri líðan barnsins. Samkvæmt kenningum Vygotskys (Bodrova og Leong, 1996) og félagslegrar hugsmíðahyggju er litið svo á að nám barna fari fram í félagslegu og menningarbundnu samfélagi. Viðurkennt er að börn læri í samvinnu við aðra, bæði börn og fullorðna. Þroskasvæði (e. zone of proximal development) er af mörgum notað til að skilgreina hvernig nám í samvinnu fer fram. Þetta svæði liggur milli þess sem einstaklingur ræður við einn og óstuddur og þess sem hann ræður við með stuðningi jafnaldra eða fullorðinna. Fram kemur í gögnum í leikskólanum Hvarfi að barnið sjálft geti haft áhrif á leikskólastarfið eða að „rödd barnsins heyrir“, litið er svo á að árangur leikskólastarfsins komi í ljós er barnið sýnir að það trúir á eigin getu og ber virðingu fyrir öðru fólki og umhverfi sínu. Jóhanna Einarsdóttir (2008) fjallar um viðhorf til barna og áhrif á leikskólastarf í nýútkominni bók sem hún ritstýrir ásamt Bryndísi Garðarsdóttur. Jóhanna flokkar hugmyndir um börn og barnæskuna í þrjá

flokka. Hún metur viðhorf til barna í upphafi 21. aldar samkvæmt síðtímahugmyndum um börn og barnæsku sem ákjósanlega leið. Samkvæmt síðtímahugmyndum alast börn upp í félags- og menningarlegu samhengi, sem mótar þau og þau móta umhverfi sitt. Þungamiðjan er mannleg samskipti eða samskipti milli barna, foreldra, kennara og samfélags. Börn læra í samvinnu við aðra og hlutverk fullorðinna og annarra barna í umhverfi þeirra er afar mikilvægt. Lögð er áhersla á styrkleika barna fremur en takmarkanir og raddir barna eru margar og margbreytilegar á sama hátt og fullorðinna og þau búa yfir mismunandi hæfni og styrk. Þá er litið svo á að börn hafi eigin áhugamál og séu sérfræðingar í sínu lífi og best að komast að skoðunum þeirra hjá þeim sjálfum (Jóhanna Einarsdóttir, 2008).

„Rödd barnsins“ sem leikskólakennararnir vonast eftir að heyra má gera ráð fyrir að heyrist í umhverfi þar sem gagnvirk samskipti fara fram. Í slíku umhverfi er litið á börn sem samborgara. Starfsfólk ber virðingu fyrir börnum og hefur trú á hæfni þeirra til að hafa áhrif á eigið nám

5.1.6 Notkun viðmiðunarlista

Viðmiðunarlistar eiga að styðja starfsmenn í að vinna ferilmöppu og það er samhljóma hugmyndum Gronlund og Engel (2001) en þær útbjuggu ferilmöppu í því augnamiði að auðvelda starfsfólki leikskóla og annarra sem vinna með ungum börnum að meta þroska og færni barna. Leikskólinn Hvarf hefur viðmiðunarlista sem hugsaður er til að styðja starfsfólk en listinn er ekki sérlega færnimiðaður. Leikskólinn Klettur hefur mjög færnimiðaðan lista sem svipar mun meira til hugmynda Gronlunds og Engels (2001). Í Kletti er fast form á því hvernig skráningar eru gerðar og hvernig ferilmappa er unnin. Í leikskólanum Teigi er enginn viðmiðunarlisti, þar segir að tilgangur þess að safna efni sé að geta rifjað upp og rætt við börnin um starf þeirra og að geta þróað hugmyndir. Þetta er í samræmi við skrif Rinaldi (2005) sem bendir á að mikilvægt sé að með barni þróist hæfni til að meta og þróa hugmyndir og deila þeim með öðrum. Rinaldi segir að þegar barn túlkar hugmyndir sínar fyrir öðrum, túlkar það þær jafnframt fyrir sjálfu sér og þróar meðvitaða sýn. Með því að deila hugmyndum með öðrum og vera fær um gagnkvæma hlustun verða samskipti og umræða möguleg. Í leikskólanum Hvarfi eru auk listans, skráningar sem tengjast mun meira þessari hugsun sem kemur hér fram hjá Rinaldi. Leikskólakennararnir í leikskólanum Hvarfi tala um að

skráningar á starfinu séu augljós merki um hvernig barn vinnur, hvernig það þælir og uppgötvar og hvernig skilningur verður til.

Viðmiðunarlisti í ferilmöppu getur stutt starfsfólk leikskóla sem er misjafnlega á vegi statt frá faglegu sjónarmiði. Söfnun í ferilmöppu verður að hafa tilgang. Í ferilmöppu þarf að skrá styrk og veikleika barns miðað við ákveðin markmið eða námskrá leikskólans. Ég tel að í möppuna eigi að fara gögn sem vitna um styrk, traust og öryggi barns. Gögn sem sýna verk barns, ferli náms, ný hugtök og hvernig nýjum skilningi er beitt á viðfangsefni dagsins.

5.1.7 Helstu einkenni skráninga í ferilmöppu í leikskólunum.

Markmið um skráningar eru ólík milli leikskóla og birtast í viðmiðunarlistum í tveimur leikskólanna, það er Hvarfi og Kletti. Viðmiðunarlistarnir eru með ólíkum hætti, í Kletti er listinn mjög færnimiðaður en í Hvarfi er hann fremur ýmis atriði (sjá í niðurstöðukafla lið 4.3 Hvað er skráð? 48–49). Í Teigi er markmiðið að geta metið og íhugað ferli þess starfs sem börn og starfsfólk vinna að og þar er viðmiðunarlisti ekki til hliðsjónar. Leikskólinn Hvarf vinnur, auk viðmiðunarlistans, með könnunaraðferðina sem og könnunarleikinn og skráningar úr því starfi fara inn í ferilmöppuna. Í könnunaraðferðinni er ferli starfs skráð í þeim tilgangi að fylgjast með þroska barns, þær eru þannig liður í mati leikskólakennaranna á barni og því starfi sem unnið er. Skráningum í könnunaraðferðinni svipar til aðferða leikskólanna í Reggio Emilia. Í leikskólanum Kletti er viðmiðunarlistinn ráðandi um hvað skráð er, það eru mjög þroskatengd viðmið og á margan hátt má líkja þeim við hugmyndir Gronlund og Engel (2001) um aðferðir við skráningar í ferilmöppu, þar er notaður fyrirfram útbúinn listi sem fyllt er út í og borið saman við aldursviðmið. Viðmiðunarlistinn í Kletti er þó ekki með jafn fjölbreytta nálgun og listarnir hjá Gronlund og Engel. Í Kletti er auk þess einungis haldið til haga í ferilmöppu einni gerð myndverks eftir barn en hjá Gronlund og Engel er haldið til haga myndverki sem tengist á einhvern hátt og styður viðkomandi skráningu. Leikskólinn Teigur hefur starfsaðferðir leikskólanna í Reggio Emilia sem leiðarljós. Gögn vitna um að skráning er stór þáttur í vinnu með skapandi starf og skilar starfsfólki vitneskju um áhuga og upplifun barns. Það kemur enda fram í skráningum og túlkun leikskólakennaranna á tilgangi skráninga á starfi leikskólans.

Segja má að skráningar leikskólanna þrjú í ferilmöppur skiptist í tvær greinar fremur en þrjár. Í Kletti eru skráningarnar miðaðar við þann tilgang að hægt verði að þjálfa áfram það sem barn hefur ekki náð tökum á. Í Teigi eru skráningar augljóslega í þeim tilgangi að vitna um áhuga og upplifun barnsins og eiga rætur að rekja til hugmynda frá Reggio Emilia en það kemur fram í skrifum Rinaldi (1998) að skráning á ferli gerir starf leikskólans að hluta sýnilegt, það er námsferil og það skipulag sem barn notar. Skráning gerir ennfremur umræðu, upprifjun og mat á ferlinu mögulega. Leikskólinn Hvarf er með viðmiðunarlista, könnunaraðferðina og könnunarleikinn. Þar bera skráningar svip af skráningum samkvæmt sömu aðferðum og í leikskólanum Teigi.

5.1.8 Upplýsingar sem safnað hefur verið og notagildi þeirra.

Þær upplýsingar sem safnað er í ferilmöppur leikskólanna eru notaðar í foreldraviðtölum og til að greiða leið foreldra að leikskólastarfinu. Katz (1998) leggur áherslu á að með skráningum verði foreldrar meðvitaðir um reynslu barnsins í leikskólanum. Skráningar hafa í leikskólunum Hvarfi og Teigi verið notaðar til að koma aftur að og rifja upp með börnunum það sem þau hafa gert og upplifað. Leikskólinn Teigur er að vinna að því að gera ferilmöppuna aðgengilega börnum og þá verður hún tæki til að koma að og rifja upp það starf sem unnið hefur verið.

Mikilvægt er talið að leikskólakennarar ræði skráningar og ígrundi merkingu þeirra. Einn liður í skráningum er áhersla á að barn fái trúverðuga umfjöllun um hæfni sína og stöðu. Ein leið til að vinna að því er að leikskólakennarar ræði skráningar á faglegum grunni, komist að raun um hver staðan er og hvernig halda skal áfram með vinnuna og stuðning við hvert barn eða barnahóp. Það er samkvæmt hugmyndum Rinaldi (1998) en hún leggur áherslu á nauðsyn þess að ræða og ígrunda skráningar og með því auðvelda sköpun þekkingar, ígrundun gerir ennfremur faglega þróun leikskólakennarans sýnilega. Það kom hins vegar fram í einu viðtali í leikskólanum Teigi að ekki væri gefinn eða gæfist nægur tími til þess að ígrunda og pæla í skráningum. Ég tel nauðsynlegt að bregðast við tímaleysi til ígrundunar og pælinga og að huga þurfi að skipulagi dagsins eða vikunnar til að reyna að finna tíma sem nýtist til þess. Ígrundun er stór liður í mati og til að tryggja trúverðuga umfjöllun um barn verða fleiri en einn að koma að því starfi.

5.1.9 Samantekt um markmið, einkenni skráninga og notagildi upplýsinga

Niðurstöður sýna að nokkur munur er á markmiðum og aðferðum við vinnslu ferilmöppunnar. Innihald möppunnar snýr að barninu sem einstaklingi. Lögð er áhersla á að gera leikskólastarfið sýnilegt, gott upplýsingaflæði til foreldra og líðan og öryggi barns í umhverfi sínu. Í Hvarfi telja leikskólakennarar sig koma til móts við kröfur um sýnilegt mat, í Kletti vilja leikskólakennarar efla foreldra í uppeldishlutverkinu og tryggja öryggi og vellíðan barns, í Teigi er markmiðið að geta farið í gegnum upprifjun og umræðu með börnunum, að þróa hugmyndir og gera starfið sýnilegt. Þá kemur fram í gögnum að fjallað er um einstaklingsmiðað nám og „að rödd barnsins heyrir“. Skráningar eru gerðar með mismunandi hætti í leikskólunum þremur og undirstrikar það fjölbreytni þeirra aðferða sem notaðar eru við öflun efnis í ferilmöppur almennt. Í viðtölunum kom fram að leikskólakennararnir leggja megináherslu á líðan og félagslega færni þegar þeir ræða hvað sé mikilvægast að meta í fari barns. Með áherslu á líðan og félagslega færni eiga leikskólakennararnir samleið með kenningum Carr's, (2001), Katz', (1989) og Bertram's og Pascal's (2002) um félagslega færni og hneigð til náms.

Hafa ber í huga að þessi rannsókn nær til þeirra markmiða og leiða sem fram koma í skriflegum gögnum leikskólanna og þess sem leikskólakennararnir segjast gera og ekki er mögulegt að alhæfa út frá niðurstöðunum hvorki um aðrar matsaðferðir, ágæti upplýsingaleiða, skráningaraðferðir né aðrar aðstæður í leikskólanum.

5.2 Hugleiðingar og álitamál

Áhersla á að barn fái trúverðuga umfjöllun um hæfni sína og stöðu gerir ferilmöppu í sjálfu sér að mikilvægu tæki í leikskólanum. Lýsing á viðfangsefni barns og skráning á orðræðu þess og athöfnum er leið til að sýna hæfileika barnsins og á þeim forsendum er hægt að meta hvernig barnið er statt og hvaða viðfangsefni ætti að standa því til boða.

Þegar skráning og athuganir hafa verið gerðar er mikilvægt að leikskólakennarar og/eða samstarfsfólk ræði efnið sem safnað hefur verið á faglegum grunni og ígrundi merkingu þess. Fram kom í viðtali í rannsókninni að ónógur tími gæfist til að ræða og ígrunda skráningar. Leikskólakennarar eru sífellt í kapphlaupi við tímann. Umræður og

Ígrundun um starfið er mjög mikilvægur liður í gæðum þess og það er verðugt að skoða og athuga hvernig hægt er að koma því við að ræða skráningar í leikskólum á Íslandi þar sem ekki er mikil hefð fyrir slíkum vinnubrögðum. Skráningar geta opnað augu fullorðinna fyrir hneigð og venjum sem skapast hjá börnum á unga aldri, þær geta hjálpað þeim að setja sig í spor barna og að sjá og skilja sjónarmið barna.

Ég tel ferilmöppu mikilvægt tæki fyrir allt leikskólastarf og að hún muni auka faglega umfjöllun bæði hvað varðar börn og starfsfólk, notkun hennar muni leiða til meiri skilnings á börnum og hæfileikum þeirra. Ég tel skráningar ekki mikið notaðar í leikskólum hér á landi en þær munu breyta áherslum bæði hvað varðar nálgun í námi barna og starfinu almennt. Skráningar leiða til sveigjanleika og fjölbreytni þar sem í mörgum tilvikum er verið að fylgjast með hugmyndum barna um umhverfi sitt og leik. Þær eru í því tilliti samkvæmar síðtímahugmyndum um afstöðu til einstaklingsins fremur en að gera ráð fyrir algildum eiginleikum allra (Elkind, 1995; 1997). Þessi rannsókn er aðeins lítið skref í skoðun á matsaðferðum í leikskólastarfi og gefur tilefni til frekari rannsókna á því sviði. Ennfremur er áhugavert að skoða með hvaða hætti leikskólakennari nærir faglega vitund sína. Það kom fram í rannsókninni að skráning styður faglega þróun leikskólakennarans er hann ígrundar merkingu þeirra gagna sem hann hefur safnað í ferilmöppu. Samkvæmt Rinaldi (2005a) er markmið skráninga að skilja hugmyndir og tilgátur barna og að skilja hvernig leikskólakennari getur stutt barn í þróun þess. Með ígrundun skráninga skoðar leikskólakennari eigið starf og starfsaðferðir.

Hugtakið „hneigð til náms“ (e. learning disposition) hefur til skamms tíma ekki verið meðal umræðuefna um leikskólamál hér á landi. Það er allrar athygli vert og ég tel að það ætti að vera vel þekkt innan leikskólageirans. Þetta hugtak virtist ekki kunnugt þeim leikskólakennurum sem þátt tóku í rannsókninni. Hneigð er skilgreind sem viðvarandi hugarfar, vani eða tilhneiging til að bregðast við reynslu eða aðstæðum á tiltekinn hátt, sem dæmi má nefna seiglu við að leysa erfitt verkefni, forvitni, sköpunarþörf og stjórnsemi. Æskilega þræði hneigðar eru forvitni, kímni, göfuglyndi og hjálpsemi. Óæskilegir þræðir eru til dæmis ágirnd, þrætugirni og kaldlyndi (sjá Bertram og Pascal 2002; Carr, 2001; Katz og Chard, 1989; Jóhanna Einarsdóttir og Kristín Karlsdóttir 2005).

Katz (1997) talar um að þegar meta á nám ungra barna skuli meta virkni þess og það sem hefur raunverulega merkingu. Hún bendir á allmargar ástæður þess að huga skuli að hneigð til náms og hvernig hneigð tengist menntun og mati. Hún talar um að fyrst þurfum við að skoða viðhorf okkar til þess, hvort við teljum hneigð til náms vera þess virði að tilheyra námsmarkmiðum. Ef við teljum hneigð til náms eiga að vera með í námsmarkmiðum þá þarf að velta fyrir sér hvernig þær myndast, hvernig stutt er við þær og hvernig þeim er viðhaldið. Reynsla barns úr umhverfi þess er talin líklegri til að skapa hneigð til náms fremur en að þjálfá það eða kenna. Hlutverk leikskólakennarans og foreldranna skiptir þar sköpum, hvað er í umhverfi barns og hvaða viðhorfi mætir barnið í uppvexti sínum? Ég tel mikilvægt að huga vel að þætti hneigðar til náms það er hvaða hæfileika barns viljum við styðja og örva. Sjálfstætt barn hefur hæfileika til að skipuleggja sig, stjórna sér sjálft og verður þar með sjálfbjarga. Skapandi barn með seiglu til að takast á við erfiðleika er forvitið og áhugasamt um umhverfi sitt og eyðir orku og tíma í að ná markmiðum sínum. Ég tel mikilvægt að styðja æskilega þræði hneigðar til náms og draga úr óæskilegum þráðum hneigðar. Skilgreining hugtaksins fellur vel að og er í samræmi við aðalnámskrá og megináherslur í íslenskum lögum (Menntamálaráðuneyti, 1999; Lög um leikskóla nr.90/2008).

5.3 Rannsóknarspurningum svarað

5.3.1 Markmið um skráningu, mat og söfnun efnis í ferilmöppu í leikskóla

Svar við hvaða markmið eru um skráningu, mat og söfnun efnis í ferilmöppu í leikskóla er að markmið um skráningu eru ólík og þau spegla nokkuð þann starfsgrundvöll sem starf hvers leikskóla byggir á. Í tveimur leikskólanna eru viðmiðunarlistar notaðir til að safna efni og listarnir eru stuðningur við starfsmenn í að vinna ferilmöppu. Þess utan er í öðrum leikskólanum unnið með könnunarleik og könnunaraðferð sem námsleiðir og telja starfsmenn að skráningar séu liður í mati og þær eru liður í könnunaraðferðinni. Þriðji leikskólinn leggur áherslu á að markmiðið með skráningum er að geta metið og ígrundað ferli þess starfs sem börn og starfsmenn vinna að. Skráningar geta auðveldað starfsfólki að meta þróun sem verður hjá hverju barni. Auk þess eru líkur til að með ígrundun skráninga geti leikskólakennarar metið faglega þróun sína.

Samkvæmt markmiði um mat er megináhersla lögð á þætti er snerta barnið sjálft, líðan þess, félagslega færni, samskipti, virkni og framfarir. Þá kom fram að mikilvægast væri að meta líðan, sumir nefndu þroska, nám og skilning og aðrir lögðu áherslu á styrk og hæfni einstaklingsins. Í leikskólanum Hvarfi er talið að með því að safna gögnum og ígrunda þau sé hægt að meta hvernig barni gengur og hvernig þörfum þess er mætt. Þar líta starfsmenn svo á að árangur starfsins komi í ljós þegar barn sýnir að það hefur trú á eigin getu og beri virðingu fyrir sér og umhverfi sínu. Í leikskólanum Kletti er megináhersla lögð á umburðarlyndi, sjálfsaga og jákvætt viðhorf til umhverfis, skapandi hugsun, fjölbreyttar tjáningarleiðir og góðan málskilning. Með þeim markmiðum telja starfsmenn sig ná að kenna um mikilvægi sérhvarrar persónu. Í Teigi er lögð megináherslan á að virkja sköpun barnsins þannig að það tjái hug og þekkingu á skapandi hátt. Til að meta þetta eru notaðar skráningar og starfsmenn telja að með skráningum geti þeir fylgst með þeirri þróun sem á sér stað hjá hverju barni fyrir sig.

Markmið um söfnun efnis og innihald í ferilmöppu snúa að barninu sem einstaklingi, stöðu þess og þroska að mati flestra leikskólakennaranna. Skráningar sem gerðar eru skila leikskólakennurunum vitneskju um þroska og framfarir, áhuga og upplifun barns. Í skráningunum speglast ólíkar áherslur um innihald ferilmöppu. Leikskólarnir Hvarf og Klettur nota ólíka viðmiðunarlista um efni möppunnar og sá fyrrnefndi vinnur líka með skráningar könnunaraðferðar. Í leikskólanum Teigi er lögð megináhersla að koma á fót einstaklingsmiðuðu námi og halda utanum skráningar með ferilmöppu. Með skráningum vilja starfsmenn leikskólans geta rifjað upp og rætt við börnin um starf þeirra. Þeir vilja ennfremur geta þróað hugmyndir, varpað ljósi á uppeldisstarfið og opnað leiðir fyrir foreldra að starfinu. Í leikskólunum Teigi og Hvarfi eru vangaveltur um hvernig best er að útfæra skráningar og þróa möppuna þannig að hún sýni hvernig barnið þroskast, hvað það upplifir og hvernig það vinnur úr reynslu sinni. Í leikskólanum Kletti virðist hins vegar vera mjög fast form á því hvernig skráningar eru gerðar og hvernig mappan er unnin.

5.3.2 Hver er reynsla leikskólakennara af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla?

Svar við hver er reynsla leikskólakennara af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla er að hún er góð að mati leikskólakennaranna. Ferilmappan er útgangspunktur í foreldraviðtali og innihald

hennar styður leikskólakennarana í viðtalinu. Innihald ferilmöppu er notað til að meta stöðu barns og framfarir þess. Auk þess eru skráningar í ferilmöppu notaðar til að meta starfið, hvernig það hefur gengið og á forsendum þess mats er tekin ákvörðun um hvernig unnið er áfram. Skráningar eru ennfremur notaðar til að ræða við barnið um starf þess og upplifun og þær eru leið til að ræða og ígrunda starfið og geta þar með leitt til faglegrar þróunar leikskólakennarans

Í lögum um leikskóla (nr.90/2008) er lögð aukin áhersla á samvinnu foreldra og starfsfólks leikskóla og þar segir „að foreldrar skuli gæta hagsmuna barna sinna“. Skýlt er að koma á fót foreldraráði við leikskóla og hefur ráðið umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Ferilmappan skapar augljósa leið að skólastarfinu. Ferilmappan verður gluggi að leikskólastarfinu en það samræmist skoðunum Gronlund og Engel (2001) og benda má á að einn viðmælenda sagði að ferilmappan væri eins og gluggi fyrir foreldrana.

Samkvæmt lögum skal meta leikskólastarf kerfisbundið og matið á að vera í höndum starfsmanna, foreldra og barna. Þar með skulu raddir barna heyrast og sjónarmið þeirra um eigin hag. Það samræmist hugmyndum Malaguzzi (1998) um að málefni fyrir börn og um börn væri aðeins hægt að læra af börnum. Þetta er í anda síðtímahugmynda en samkvæmt þeim er litið til þess að barn er þátttakandi í samfélaginu og tekur virkan þátt í sköpun menningar og þekkingar (Dalberg, Moss og Pence, 1999). Elkind (1995;1997) telur þjóðfélagið bjóða börnum upp á þær aðstæður og geri þær kröfur til þeirra að þau verði að móta eigin skilning á heiminum og fá tækifæri til að velja og stjórna sjálfstætt og í samvinnu, það styður þau sjónarmið að raddir barna fái að heyrast.

Ég tel að ferilmappa sem mats- og skráningartæki í leikskóla sé mikilvægt og eftirsóknarvert tæki sem koma ætti á fót í flestum leikskólum. Ef til vill er ferilmappa til í fleiri leikskólum hér á landi en mér er kunnugt um. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja sannfæringu mína um að ferilmappa sé gott tæki sem gefur foreldrum leikskólabarna aðgang / augu að leikskólastarfinu, framtaki, gleði og ánægju leikskólabarnsins. Ferilmappan styður tilmæli laga um leikskóla um aukna samvinnu foreldra og starfsfólks leikskóla

Lokaorð

Margt hefur farið í gegnum huga minn í þessari rannsóknarvinnu. Í upphafi voru væntingar mínar að komast að því á hvern hátt mætti auðvelda foreldrum að fylgjast með starfi leikskólans. Ég hef komist að því að ferilmappa er gagnlegt matstæki, auk þess greiðir hún fyrir aðgengi foreldra að starfi barns í leikskólanum. Þá var hugsunin að tölvan gæti mögulega greitt leiðina með rafrænni ferilmöppu og ferilmappa í leikskólanum væri til að styðja það starf.

Þegar rannsóknin fór af stað var ég búin að átta mig á matstækinu ferilmappa og hafði tekið ákvörðun um að athuga hvernig staðið er að því að skrá og meta leikskólastarf og gera með því reynslu barns í leikskóla aðgengilega foreldrum. Það var þess vegna gaman að upplifa að skráningar í ferilmöppu gera starf leikskólans sýnilegt foreldrum, þær eru notaðar til að ræða við barnið um starf þess og upplifun og til að meta líðan þess og færni.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna mismunandi aðferðir við vinnslu ferilmöppu. Leikskólakennararnir leggja áherslu á mikilvægi þess að ígrunda og meta starf sitt og vilja geta veitt foreldrum greiða leið að leikskólastarfinu. Nálgun við skráningar er með ólíkum hætti í leikskólunum þremur en leikskólakennararnir leggja megináherslu á líðan og félagslega færni þegar þeir ræða hvað sé mikilvægast að meta í fari barns. Með áherslu á líðan og félagslega færni eiga leikskólakennararnir samleið með skoðunum Carr's, (2001); Katz' og Chard's, (1989); og Bertram's og Pascal's (2002) um félagslega færni og hneigð til náms.

Heimildir

- AECT. (2003). *Association for educational communications and technology. Digital transformation: A framework for ICT literacy*, (2002) Sótt í desember 2008 af <http://www.infolit.org/definitions.html>.
- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni* (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JPV útgáfa. (Upphaflega gefin út 2000).
- Ásta Birna Stefánsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hulda Björk Valgarðsdóttir (2005). *Litlu börnin í leikskólanum. Þemaverkefni 2004–2005 í leikskólanum Rauðaborg*. Sótt í janúar 2009 af <http://www.raudaborg.is/>.
- Bennett, J. og Leonarduzzi, S. *Five curriculum outlines*, (2004, mars). Sótt í maí 2008 af <http://www.oecd.org/dataoecd/23/36/31672150.pdf>.
- Bertram, T. og Pascal, C. (2002). Assessing what matters in the early years. Í J. Fisher (Ritstj.), *The foundations of learning* (bls. 87–101). Buckingham: Open University Press.
- Birna María Svanbjörnsdóttir (2007). Vilja foreldrar stuðning í foreldrahlutverkinu? *Uppeldi og menntun*, 16(2), 95–115.
- Bodrova, E. og Leong, D. J. (1996). *Tools of the mind: The Vygotskian approach to early childhood education*. New Jersey: Book Press.
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1992). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn og Bacon
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (2007). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn og Bacon.
- Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2007). Á mótum tveggja heima. Samstarf heimila og leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*, (bls. 679–690). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood settings: Learning stories*. London: Sage.
- Carr, M. og Podmore, V. (1999). *Learning and teaching stories: New approaches to assessment and evaluation*. Ráðstefnupappír kynnt á

- the AARE – NZARE Conference on research in education, Melbourne, (1999, 1. desember). Sótt í maí 2008 af <http://www.aare.edu.au/99pap/pod99298.htm>.
- Carr, M., Helen, M., Podmore, V. N. (2000). *Learning and teaching stories: Action research on evaluation in early childhood*: Wellington. New Zealand council for educational research. ERIC 447930. (2000). Sótt í febrúar 2008 af http://eric.ed.gov/ERICDocs/data/ericdocs2sql/content_storage_01/0000019b/80/16/b2/69.pdf.
- Carr, M., Jones, C. og Lee, W. (2005). Beyond listening: can assessment practice play a part? Í Clark, A., Kjörholt, A.T. og Moss, P. (Ritstj.), *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services* (bls. 129–150). University of Bristol: The Policy Press.
- Dalberg, G., Moss, P. og Pence, A. R. (1999). *Beyond quality in early childhood and care: Postmodern perspectives*. London: Falmer Press.
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (Frumútgáfa af verkinu var 1938).
- Edwards, C., Gandini, L. og Forman, G. (1998). Introduction: Background and starting points. Í Edwards, C., Gandini, L. og Forman, G. (Ritstj.), *The hundred languages of children: The Reggio Emilia approach-advanced reflections* (bls. 5–25). London: Ablex.
- Elkind, D. (1995). School and family in the postmodern world. *Phi Delta Kappan*, 77(1), 8–14.
- Elkind, D. (1997). The death of child nature: Education in the postmodern world. *Phi Delta Kappan*, 79(3), 241–245.
- Félag leikskólakennara og Launanevndar sveitafélaga (2006). Starfslýsing: deildastjóri í leikskóla. Í Björg Bjarnadóttir og Ólöf Jóna Tryggvadóttir (Ritstj.), *Kjarasamningur Félags leikskólakennara og Launanevndar sveitafélaga*. Reykjavík: Hjá OSS. (2006, desember). Sótt í maí 2008, af <http://new.ki.is/pages/1345>.
- Flick, U. (2006). *An introduction to qualitative research*. London: Sage.
- Goldschmied, E. og Jackson, S. (1994). *People under three – young children in day care*. London: Routledge.
- Goleman, D. (2000). *Tilfinningagreind* (Áslaug Ragnars þýddi). Reykjavík: Iðunn (Frumútgáfan af verkinu var 1995)

- Gronlund, G. (1998). Portfolio as an assessment tool: Is collection of work enough. *Yonug children*, 53(3), 4–10.
- Gronlund, G., Engel, B. (2001). *Focused portfolios: A complete assessment for the young child*. St. Paul: Readleaf Press.
- Helga Jónsdóttir (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67–84). Háskólinn á Akureyri: Íslenska prentsmiðjan.
- Hitchcock, G. og Hughes, D. (1995). *Research and the teacher. A qualitative introduction to school-based research*. London: Routledge.
- Jóhanna Einarsdóttir (2008). Viðhorf til barna og áhrif á leikólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (Ritstj.), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 17–29). Reykjavík: Háskólaútgáfan Leturprent.
- Jóhanna Einarsdóttir (2007). *Lítill börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgágan Gutenberg.
- Jóhanna Einarsdóttir og Kristín Karlsdóttir (2005). Hvernig tala leikskólastjórar um leikskólann? Í Ragnar F. Ólafsson (Ritstj.), *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 53–67. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Jóhanna Thorsteinson (1995). *Eins og regnbogi meistarans. Tónlistarstarf í leikskóla í anda Edgar Willems*. Reykjavík: Höfundur
- Johansen, W. M. og Brynhildsen, A. (1998). (Guðrún Bjarnadóttir þýddi). Leikur og nám í leikskóla. *Athöfn, tímarit leikskólakennara*, 30(1), 33–36. Reykjavík: Félag íslenskra leikskólakennara (Frumútgáfa af greininni var í Spesialpedagogikk 1997 apríl).
- Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir (2008). Þáttur ráðgjafar í samstarfi leikskólakennara og foreldra. Í Grétar L. Marinósson (Ritstj.), *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 77–91. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Katz, L. G. og Chard, S.C. (1989). *Engaging children's minds: The project approach*. Norwood, NJ: Ablex.
- Katz, L. G. (1997). *A developmental approach to assessment of young children*. (1997, apríl). Tekið af vefnum í júní 2008 af <http://ceep.crc.uiuc.edu/eecearchive/digests/1997/katz97.html>.

- Katz, L. G. (1998). What can we learn from Reggio Emilia? Í Edwards, Gandini og Forman (Ritstj.), *The hundred languages of children: The Reggio Emilia approach – advatced reflections* (bls. 27–45). London: Ablex.
- Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (2008). Námssögur. Styrkleikar og færni leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (Ritstj.), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólasterfi* (bls. 133–153). Reykjavík: Háskólaútgáfan Leturprent.
- Kristín Hildur Ólafsdóttir (2005). *Bleikir gíraffar í Sæborg Þróunarverkefni í leikskólanum Sæborg 1999–2004*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands tekið af vefnum í júní 2008 af <http://www.sæborg.is/>.
- Kvale, S. (1996). *Interviews. An introduction to qualitative research interviewing*. London: Sage.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.*
- Malaguzzi, L. (1998). History, ideas, and basic philosophy: An interview with Lella Gandini. Í Edwards, C., Gandini, L. og Forman, G. (Ritstj.), *The hundred languages of children: The Reggio Emilia approach – advatced reflections* (bls. 49–99). London: Ablex.
- Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur
- Páll Skúlason (1987). *Pælingar: Safn erinda og greina*. Reykjavík: Ergo sf.
- Rinaldi, C. (1998). Projected curriculum constructed through documentation – progettazione: An Interview with Lella Gandini by Carlina Rinaldi. Í Edwards, C., Gandini, L. og Forman, G. (Ritstj.), *The hundred languages of children: The Reggio Emilia approach – advatced reflections* (bls. 113–125). London: Ablex.
- Rinaldi, C. (2005a). Documentation and assessment: what is the relationship? Í Clark, A., Kjörholt, A.T., Moss, P. (Ritstj.), *Beyond listening: Children´s perspectives on early childhood services* (bls. 17–28). University of Bristol: The Policy Press.
- Rinaldi, C. (2005b). The whole school as an atelier. Í Gandini, L., Hill, L., Cadwell, L. og Scwall, C. (Ritstj.), *In the spirit of the studio: Learning from the atelier of Reggio Emilia* (bls. 169–174). New York: Teachers College Press.

Rinaldi, C. (2001). Infant-toddler centers and preschools as places of culture. Í Guidci, C., Rinaldi, C. og Krechevsky, M. (Ritstj.), *Making learning visible: Children as individual and group learners* (bls. 38–46). Reggio Emilia: Reggio Children srl.

Sigríður Pálmadóttir (2006). *Börn og tónlist – hver er músíkalskur? – námsefni í tónlist*. Reykjavík: Höfundur

Smith, J., Brewer, D. M. og Hefner, T. (2003). Using portfolio assessments with young children who are at risk for school failure. Í Algozzine, B. (Ritstj.), *Preventing school failure*, 48(1), 38–40

- Fylgiskjal 1 Viðtalsrammi
- Fylgiskjal 2 Kynning rannsóknar
- Fylgiskjal 3 Aðgengi að rannsóknarvettvangi
- Fylgiskjal 4 Upplýst samþykki
- Fylgiskjal 5 Ábyrgð og skyldur

Fylgiskjal 1

Viðtalsrammi

Hvaða markmið eru sett um skráningar og mat og söfnun efnis í ferilmöppur?

Hvað skráir þú og hvernig skráir þú?

Hvaða markmið eru um mat?

Hvað finnst þér mikilvægast að meta?

Hvaða markmið eru um söfnun efnis í ferilmöppu, hvaða efni skal safna, hver ákveður hverju er safnað, hvernig er því safnað?

Hver er reynsla þín af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki?

Hvernig er ferilmappa notuð?

Eru notuð einhver viðmið eða þroskalistar til hliðsjónar mati og skráningu, hvernig er útfærslan?

Er ferli skráð og þá hvernig?

Eru tilfinningalegir og félagslegir þættir skráðir og metnir?

Kynning

Ferilmappa í leikskóla.

Rannsóknarspurningar

Hvaða markmið eru um skráningar og mat og söfnun efnis í ferilmöppu í leikskóla?

Hver er reynsla leikskólakennara af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla?

Markmiðið er að komast að því hvaða aðferðir eru notaðar í leikskólum við að meta þætti sem lagðir eru til grundvallar innra mati samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla, það er líðan barns, samskipti við barn, leikur og leikskólastarf og námsvið leikskóla. Í Aðalnámskrá leikskóla segir að sérhver skóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Til hliðsjónar innra mati skal meðal annars hafa atriði er varða barnið svo sem *líðan barns, samskipti við barn, leik og leikskólastarf og námsvið leikskóla*. Í þessu sambandi hef ég skoðað þrjár leiðir sem allar notast við skráningar og söfnun upplýsinga í möppu. Þær byggja á ólíkum hugmyndum um nám barna og nota ólíkar aðferðir við skráningu. Hugmyndafræðin að baki þessum leiðum kemur frá Bandaríkjunum, Ítalíu og Nýja Sjálandi og hefur verið í þróun í mislangan tíma. Sú aðferðafræði sem notuð verður er eigindleg og ætlunin er að taka viðtöl við leikskólakennara sem vinna með ferilmöppur.

Ég mun rýna í skólanámskrá og skráningar en auk þess ræða gögnin í ljósi aðalnámskrár, laga og reglugerðar um leikskóla. Með þessu er ætlunin er að reyna að komast að því hver af þessum þáttum er skráð og hvaða atriði eru metin til vinnslu ferilmöppu í leikskólastarfi.

Fylgiskjal 3

Aðgengi að rannsóknarvettvangi

Dags: _____

Fulltrúi
Bæjarfélag
Heimilisfang

skólaskrifstofu

Undirrituð er nemandi við Háskóla Íslands, menntavísindasvið (áður Kennaraháskóla Íslands) og er að vinna að lokaverkefni í uppeldis- og menntunarfræðum. Hluti verkefnisins er rannsókn, þar sem kanna á hver reynsla leikskólakennara er af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla. Tilgangur verkefnisins er að varpa ljósi á hvaða markmið eru um skráningu og mat og söfnun á efni í ferilmöppu barna í leikskóla, hvernig gögnum er safnað og hvaða þætti leikskólakennarar skrá og meta.

Ég leita til ykkar í _____ með beiðni um aðgengi að leikskóla í bæjarfélaginu til að afla gagna í rannsóknina. Þátttakendur, það er leikskólastjóri og kennarar, munu fá nákvæmar lýsingar á framkvæmd rannsókna. Einnig ábyrgist ég að gæta fyllsta trúnaðar, varðandi nafnleynd skóla og einstaklinga sem taka þátt í rannsókninni, auk þagnarheitis um meðferð gagna sem ég ein mun hafa aðgang að. Skoðuð verða markmið skólanámskrár, tekin viðtöl við leikskólakennara og rýnt í skráningar, mat og ferilmöppu leikskólans.

Með von um stuðning við verkefnið.

Lilja Björk Ólafsdóttir

Fylgiskjal 4

Dags: _____

Upplýst samþykki

Ég hef lesið og skilið kynningu rannsóknarinnar sem hér hefur farið fram og samþykki að taka þátt í henni. Jafnframt áskil ég mér þann rétt að hætta þátttöku hvenær sem ég sjálf/ur kys og treysti algjörlega nafnleynd varðandi þátttöku mína í henni.

Nafn

Fylgiskjal 5

Ábyrgð og skyldur

Dags. _____

Leikskólastjóri.

Nafn.

Skóli.

Bæjarfélag

Undirrituð er nemandi við Háskóla Íslands, á menntavísindasviði í rannsóknartengdu framhaldsnámi. Leiðbeinandi minn er Kristín Karlsdóttir lektor. Ég þakka fyrir veitt aðgengi að leikskólanum með verkefni mitt og geri grein fyrir eftirfarandi:

Rannsókninni er ætlað að leiða í ljós hvaða markmið eru sett um skráningar og mat og söfnun efnis í ferilmöppu í leikskóla. Ennfremur hver er reynsla leikskólakennara af að nota ferilmöppu sem mats- og skráningartæki í leikskóla.

Aðferðir sem notaðar verða við öflun gagna eru: viðtöl við kennara, sem verða tekin upp á segulband, síðan vélrituð og dulkóðuð til að koma í veg fyrir að hægt verði að rekja þau til viðmælanda eða leikskóla. Rýnt verður í skólanámskrá, heimasíðu og skráningar með tilliti til viðfangs-efnisins. Enginn nema rannsakandi kemur til með að hafa aðgang að gögnum rannsóknar og verða þau geymd í læstri tölvu á heimili rannsakanda og síðan eytt að verkefni loknu. Með undirritun þessa bréfs heiti ég trúnaði varðandi meðferð og geymslu gagna og eyðingu þeirra að verkefni loknu en einnig nafnleyndar gagnvart skólanum og þátttakendum í viðtali.

Lilja Björk Ólafsdóttir